
DEILISKRÁNING FORNLEIFA VEGNA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM SJÓVARNA Á VATNSLEYSUSTRÖND



RITSTJÓRI: KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

HÖFUNDAR EFNIS: KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR OG SÓLVEIG GUÐMUNSDÓTTIR BECK

Reykjavík 2013

FS521-13081

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumynd er af leifum af brunni GK-143:006 í landi Stóra-Knarrarnes sem er í stórhættu vegna landbrots og lendir að öllum líkindum undir fyrirhuguðum sjóvarnargarði.

Horft til suðvesturs.

Ljósmynd tók Kristborg Þórsdóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2013

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

HELSTU NIÐURSTÖÐUR	5
1. INNGANGUR	7
2. FORNLEIFASKRÁ	9
3. SVÆÐISSKIPT UMFJÖLLUN	33
4. NIÐURSTÖÐUR	38
HEIMILDASKRÁ	42
VIÐAUKI 1: HNITASKRÁ ISN93	43
VIÐAUKI 2: KORT	44



Helstu niðurstöður

- Tekin voru út þrjú svæði þar sem fyrirhugað er að byggja sjóvarnargarða. Tekið var út 50 m breitt helgunarsvæði í kringum mannvirkin og vegi að þeim. Til aðgreiningar er helgunarsvæðunum skipt upp í framkvæmdasvæði og áhrifasvæði. Framkvæmdasvæði er 20 m breitt svæði frá miðlínu mannvirkja. Áhrifasvæði er utan framkvæmdasvæðis, allt að 50 m frá miðlínu mannvirkja.
- Fornleifar sem eru á framkvæmdasvæði teljast í stórhættu. Fornleifar sem eru á áhrifasvæði teljast í hættu.
- Samtals eru 53 fornleifar innan helgunarsvæðis framkvæmdarinnar. Af þeim eru 29 fornleifar í stórhættu og 24 fornleifar í hættu.
- Í flestum tilvikum ætti að vera hægt að komast hjá því að raska fornleifum á áhrifasvæði framkvæmdarinnar (20-50 m frá miðlínu mannvirkja). Á framkvæmdasvæðinu (0-20 m frá miðlínu mannvirkja) lenda einhverjar fornleifar að hluta eða öllu leyti undir mannvirkjum eins og áætlanir gera ráð fyrir að þau verði. Mögulega er hægt að komast hjá raski á þeim fornleifum sem eru innan framkvæmdasvæðis en lenda ekki undir mannvirkjum en þá þarf að gæta ýtrustu varúðar við framkvæmdirnar.
- Minjastofnun Íslands mun veita umsögn um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir.




1. Inngangur

Í byrjun nóvember 2013 óskaði Sveitarfélagið Vogar þess eftir því að Fornleifastofnun Íslands tæki að sér að vinna deiliskráningu fornleifa innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra sjóvarnarframkvæmda á þremur stöðum í sveitarfélaginu. Um er að ræða sjóvarnargarða við Vogatjörn og Stóru Vogaskóla í Vogum, við Narfakot og við Stóra-Knarrarnes. Þéttbýlið Vogar er innan jarðarinnar Stóru-Voga sem er í eyði. Ein fornleif sem tilheyrir Tjarnarkoti er í landi Stóru-Voga, innan áhrifasvæðis sjóvarnargarðs. Jörðin Narfakot er í byggð. Hún er gömul hjáleiga Hlöðuness og nær áhrifasvæði sjóvarnargarðsins þar inn í land Hlöðuness sem er í eyði. Stóra-Knarrarnes er í eyði en þar eru heilsárshús sem notuð eru sem frístundahús. Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa fyrir þessar jarðir (sjá Áfangaskýrslu I (2011)¹ og Áfangaskýrslu II (væntanleg)). Skráning, skýrsluskrif og kortagerð var í höndum Kristborgar Þórsdóttur, fornleifafræðings. Skráningin fór fram þann 12. nóvember 2013 þegar jörð var auð og veður bjart. Áhrifasvæði allra garðanna þriggja voru þaulgengin í leit að áður óþekktum fornleifum.

Í skýrslunni sem hér fylgir á eftir er fyrst gerð grein fyrir öllum fornleifum sem eru á áhrifasvæði sjóvarnargarðanna (2. kafli: Fornleifaskrá) en því næst fylgir svæðisskipt umfjöllun þar sem fjallað er um hvert svæði fyrir sig og hvaða fornleifar eru í hættu á hverju svæði (3. kafli). Þar á eftir fylgir niðurstöðukafli (4. kafli) en aftast í skýrslunni er svo að finna heimildaskrá ásamt hnitalistum og kortum.

Við vettvangskönnun

var farið eftir lögbundinni skilgreiningu fornleifa. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir m.a. að til fornleifa teljist hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra minja sem



Kort sem sýnir gróflega áætlaða staðsetningu fyrirhugaðra sjóvarna í Vogum og á Vatnsleysuströnd (Herforingjaráðskort, kort 27)

¹ Kristborg Þórsdóttir, FS460-07251

menn hafi gert eða mannaverk séu á og séu 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

2. Fornleifaskrá

GK-123 Stóru Vogar

Jarðadyrleiki óviss 1703. Hrollaugur sem fékk Vatsleysustrandahrepp hjá Eyvindi lanndámsmanni bjó í Kvíguvogum. Kvíguvoga er getið í Sturlungu, (Sturlunga saga I, 406). Máldagi í Kvíguvogum frá árinu 1367 (DI III, 221). 18.4.1434: Jörðin seld fyrir 60 hundruð (DI IV 540). 9. september 1447: Bréf um jarðaskipti Einar Þorleifssonar og Steinmóðar ábóta í Viðey. Einar lét klaustrið í Viðey hafa jarðirnar, Voga (20 hdr), Hlöðunes (20 hdr), tvenna Ásláksstaði (40 hdr), Knarrarnes tvö (30 hdr), Breiðagerði fyrir (10 hdr). (DI IV 707-708). 4.10.1489. Jörðin Stærri-Vogar seld (þá 50 hundruð) fyrir jarðirnar Skarð í Fnjóskadal og Mýri í Bárðardal (DI VI, 686). 1496: Eru báðir hlutar jarðarinnar fengnir Viðeyjarklaustri til eignar. (DI VII, 299, 303). 1533: Hálfkirkjan á jörðinni nefnd í sakamáli (DI IX, 660). 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 7 vættir fiska (Árni Óla: Strönd og Vogar, 26). Árið 1703 er þess getið að Snorrastaðir, forn eyðihjáleiga, hafi verið lögð undir jörðina. Hjáleigur jarðarinnar árið 1703 voru Eyrarkot [GK-124], Gata og Syðsta hjáleiga [Líklega sama og GK-126] í byggð. Eyðihjáleigur voru Tjarnarkot, Valgarðshjáleiga, Garðhús, Móakot, Halakot og Krunakot [Bræðrapartur] (JÁM III, 119-121). Seint á 18., öld er getið um hjáleigu sem nýtt var sem lambhús (FF, 239). Hjáleigur í byggð 1847: Eyrarkot [GK-124, Tumakot [GK-125], Suðurkot [GK-126] og Tjarnarkot [GK-127] (JJ, 90). Nýibær, Stapabúð, Brekka, Steinsholt, Klöpp, Garðbær, og Háabær voru afbýli byggð á 19. öld. Þéttbýli tók að myndast í landi Stóru- og Minni-Voga í kringum aldamótin 1900 en saga þess er rakin annarsstaðar, svo sem í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í Vatsleysustrandahreppi. Upprunalegt nafn bæjarins er Kvíguvogar (Ö-Vogar, 7). Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir frá uppruna örnefnisins Kvíguvogar í þjóðsögunni um bónda einn í Vogum og marbendil sem bóndi veiðir í net sín. Í sögunni segir m.a.: "Þóttist hann skilja að kýr þessar hefði marbendill sent sér í þakkarskyni fyrir lausn sína. Þessi kýr hefur verið hinn mesti dánumannsgripur sem á Ísland hefur komið; æslaðist af henni mikið kúakyn sem víða hefur dreifzt um land og er allt grátt að lit og kallað sækúakyn. En það er frá bónda að segja að hann varð mesti auðnumaður alla ævi. Hann lengdi og nafn byggðar sinnar og kallaði af kúm þessum, er á land hans gengu, Kvíguvoga er áður voru kallaðir Vogar." (Þjóðsögur Jóns Árnasonar I, 127-128).


1703: "Túnin líða skaða af sands og sjávarágangi, og gjörist að því ár frá ári meir og meir. Engjar eru öngvar. Úthagarnir litlir sumar og vetur." (JÁM III, 119). Túnakort 1919: Tún 2,3 teigar, garðar 1220m².

GK-123:001 Stóru-Vogar bæjarhóll bústaður

63°58.929N 22°23.255V



Bæjarhóll Stóru-Voga 001, horft til NNW



Byggingaleifar á bæjarhól Stóru-Voga 001

"Neðan vert og nær sjónum eru svo Stóru-Vogar og stóðu á Bæjarhólnum í Stóru-Vogatúni. Þar eru nú rústir einar, því Stóru-Vogar eru í eyði." segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar, Mannlíf og mannvirki í Vatsleysustrandahreppi, segir: "Stóru-Vogarústirnar bera vott um stóran hug og stórverk. Húsið var byggt árið 1871 [...]. Það Stóru-Vogahús, sem áður er getið, var ein hæð og íveruris, en árið 1912 lét Sigurjón J. Waage byggja nýtt hús á sama grunni og var hann kjallari nýja hússins. Hluti grunnsins stendur enn, þó stutt sé orðið í að þetta mikla verk hrynji í sjóinn. [...] Smiður þess var Skúli Högnason úr Keflavík. Húsið var rífið árið 1965." Stóru-Vogar eru um 370 m sunnan við Minni-Voga GK-128:001 og 310 m SSA við Suðurkot GK-126:001.

Grasigróinn bæjarhóll Stóru-Voga er horfinn að hluta í vestri vegna ágangs sjávar. Bæjarleifar Stóru-Voga eru um 5 m austan við efribrún Vogafjöru. Malbikaður göngustígur liggur N-S meðfram vesturvegg íbúðarhúss

Stóru-Voga.

Bæjarhóll Stóru-Voga er grasigróinn, 2-3 m á hæð, um 30 m á lengd, um 20 m á breidd og snýr N-S. Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur og Viktori Guðmundssyni ber minna á bæjarhólnum í dag (2007) vegna framkvæmda við Stóru-Vogaskóla þar sem jarðvegi úr grunni hússins var ýtt yfir stóran hluta heimatúns bæjarins. Á hólnum eru enn tóftir íbúðarhússins (A) sem byggt var árið 1912 og signar hleðslur grjóthlaðna fjóss (B) sem var fast norðan við húsið. Grunnur íbúðarhússins (A) er steinsteypur og grjóthlaðinn, um 12 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr A-V. Innanveggir grunnsins eru alveg steinsteypir um 0,2 m á breidd og um 1 m á hæð. Ytri veggir eru um 0,5 m á breidd og um 1-1,4 m á hæð. Steinsteypur tröppur voru upp á aðra hæð húss að sunnan við SA horn þess. Tröppurnar eru um 2 m á breidd, um 3 m á lengd og um 1,4 m á hæð. Kjallarinn var þrískiptur, með sjö dyrum og einum glugga á austurvegg. Tvennar dyr eru á vesturhlið, tvennar á suðurhlið, einar á austurhlið og tvennar á norðurhlið. Samkvæmt Viktori Guðmundssyni og Sesselju Guðmundsdóttur var grunnur hússins að hluta til byggður 1871 og svo bætt við hann 1912. Eldri hluti grunnsins er tilhöggvið grjót límt saman á meðan yngri hluti hans er að verulegu leyti fjörugrjót sem steyp var í mót og múrhúðað. Tröppur hússins eru taldar vera frá 1912. Samkvæmt Helga D. Davíðssyni var hluti af byggingarefni íbúðarhússins svo notað í húsið Aragerði 7. Vestari dyr á norðurhlið íbúðarhúss lágu upp í sambyggt fjós og hlöðu (B) sem er um 2 m norðar. Um 1,5 m breiður og um 2 m langur gangur lá N-S á milli húsanna. Veggir fjóssins og hlöðunnar eru grjóthlaðnir og mjög hrundir en þeir eru um 0,5-1 m á breidd og um 0,2-0,4 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vogar, 8; GJ: Mannlíf og mannvirki, 64; Túnakort 1919

GK-123:002 *Mariu kirkia* heimild um útkirkja

63°58.929N 22°23.269V

Í bókinni Strönd og Vogar segir: "Upphaflega voru þrjár kirkjur á Ströndinni, hálfkirkjur í Kvíguvogum (Vogum) og Vatnsleysu, en aðalkirkjan á Kálfatjörn." Samkvæmt Guðrínu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, var kirkjan líklega á vestanverðum bæjarhól Stóru-Voga 001 en ekkert sést til hennar í dag, trúlega vegna sjávarrofs. Mjög líklegt er að mannabein sem fundust í sniði bæjarhólsins að vestanverðu (sjá 059) séu vísbending um staðsetningu kirkju og kirkjugarðs þó ekki sé hægt að fullyrða það án frekari rannsókna.

Grasigróinn bæjarhóll Stóru-Voga er horfinn að hluta vegna ágangs sjávar. Grunnur íbúðarhússins er enn uppistandandi og leifar hleðslna í fjósi eru sjáanlegar.

KVÍGUVOGAR (G) -Þorláki, Maríu (KÁLFATJARNARÞING) - HÁLFKIRKJA

[1367]: lxx. Mariu kirkia og hinz heilaga Thorlaks Biskups j kuiguvogum a xc j heimalande. vj ær. ij saude tuævetra.

les Vilchinsbok; Hítardalsbók DI III 221

1397: a .xc. j Heimalandi

portio Ecclesie vmm iij ar .iiij. merkur þau sem Andries Magnusson a ad svara.

Þar skal takast heimatiund heimamanna; Máld DI IV 105-106

{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 61}. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: DI III, 221; DI IV, 105-106; Árni Óla: Strönd og vogar, 183

GK-123:003 tóft útihús

63°58.931N 22°23.252V

Samkvæmt túnakorti frá því árið 1919 er útihús um 2-4 m austan við bæ 001. Á þessum stað er mjög hruninn grjóthlaðinn grunnur.

Grunnurinn er niðurgrafinn utan í austurhlið bæjarhóls Stóru-Voga sem er grasi gróinn.

Grunnurinn er um 5 m á lengd og 4 m á breidd að innanmáli. Aðeins sjást innveggir grunnsins svo óvíst er hversu þykkir þeir eru en að minnsta kosti tvær raðir grjóts er í veggjunum. Hleðslur veggja eru mjög signar í suður- og austurveggjum en grjóthleðslur eru greinilegar í norður- og vesturveggjum grunns. Hleðslur hafa trúlega verið um 1 m á hæð en þó er mikið grjóthrun og steypuklumpar í tóft svo ekki er alveg ljóst nákvæmlega hversu háir grjótveggir grunnsins hafa verið. Guðrún L. Magnúsdóttir, heimildarmaður, þekkti ekki hlutverk þessarar byggingar en telur líklegt að þarna hafi verið kindakofi en jafn hugsanlegt að hér hafi staðið einhverskonar skemma, jarðhýsi eða jafnvel hænsnakofi.




Tóft 003, horft til norðurs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1919

GK-123:004 heimild um
63°58.943N 22°23.227V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var þró um 35 m NA við bæ 001 og um 5 m norðan við kálgarð 101. Á þessu svæði er gervigrasvöllur við Vogaskóla. Mjög líklega hefur verið hér niðurgrafin þró fyrir mykju og annan úrgang líkt og þrænar 128:049 og 128:050 sem skráðar voru heima við bæ í Austurkoti 128:034. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1919



Tóft 003

GK-123:006 Stóru-Vogasjóhús tóft fjárhús


63°58.961N 22°23.393V



Tóft 006, horft til norðausturs

"Heiman frá bæ lá Stóru-Vogastígur [052] niður í Stóru-Vogavör [053] við Stóru-Vogatanga. Upp var [svo] Vörinni var Stóru-Voganaust [054] og Stóru-Vogasjóhús [006 og 055]." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 120 m NV við bæ 001 og um 5 m NA við fiskhús 055. Í raun er tóftin um 130 m NV við bæ 001 og um 5 m austan við efri brún fjöru. Á þessu svæði er nú slétt graslendi.

Lítið er eftir af byggingunni annað en um 4 m langur, 3 m breiður og um 0,2-0,4 m djúpur grjóthlaðinn



Tóft 006

grunnur sem snýr NNA-SSV. Grunnurinn er fullur af jarnneti og grjóti sem trúlega hefur verið lagt sem gólf. Brúnir grunnsins eru grónar háu grasi og glittir í grjóthleðslur í veggjum grunns hér og þar. Þykkt grjótveggjanna er óþekkt. Samkvæmt Magnúsi Ágústssyni var fjárhús frá Stóru-Vogum á þessu svæði en samkvæmt ljósmynd sem tekin er árið 1921 í forum Þjóðminjasafns Íslands voru þarna sjóhús frá Stóru-Vogum.

Deiliskráning 2013: Þessi fornleif er horfin, líklega undir listaverk/minnismarki.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Vogar, 9

GK-123:007 heimild um

63°58.984N 22°23.411V

Samkvæmt túnakorti frá því árið 1919 var þró um 50 m norðan við útihús 006 og um 160 m vestan við Tjarnarkot GK-127:001.

Á þessu svæði er slétt graslendi og malbikaður göngustígur milli Vogafjöru og bakka Vogatjarnar. Mjög stutt er niður í fjöru svo ekki er ólíklegt að einhver hluti svæðisins sem húsin stóðu á sé horfinn vegna sjávarrofs.

Mjög líklega hefur verið hér niðurgrafin þró fyrir mykju og annan úrgang líkt og þrænar 128:049 og 128:050 sem skráðar voru heima við bæ í Austurkoti 128:034. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-123:008 heimild um útihús

63°58.992N 22°23.415V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 15 m norðan við útihús 007 og um 150 m vestan við Tjarnarkot GK-127:001.

Á þessu svæði er nú slétt graslendi og malbikaður göngustígur milli Vogafjöru og bakka Vogatjarnar. Samkvæmt Magnúsi Ágústssyni, heimildarmanni, voru skúrar frá Hábae á þessu svæði í hans tíð sem líklega voru hjallar eða sjóbúðir. Ekkert sést til fornleifa. Sjóhúsið sést greinilega á ljósmynd frá árinu 1921 í förum Þjóðminjasafns Íslands og hefur það trúlega verið timburbyggt.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919

GK-123:017 *Hábæjarvör* heimild um lendingu 63°58.991N 22°23.442V

"Hábær [015] stendur í Hábjartúni en heima frá bæ liggur Hábjarstígur [016] í Hábjarvör." segir í örnefnaskrá. Hábjarvör hefur trúlega verið um 220 m vestan við Hábae 015 og um 190 m NV við Stóru-Voga 001.

Á þessu svæði er sendin og grýtt fjara.

Ekkert sést til varar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vogar, 8

GK-123:021 *Fúla* heimild um lendingu 63°59.009N 22°23.462V

Í örnefnaskrá segir: "Tjarnarkot [GK-127:001] stóð í Tjarnarkotstúni niður undan er Tjarnarkotsklöpp og rétt við hana Eyrarkotsvör [GK-124:002], Tjarnarkotsvör [GK-127:002], Hábjarvör [017] og vörin Fúla eða Fúlavik en þarna safnaðist mikið þang og þari og fúlnaði. Seinna var hér byggð bryggja sem nefndist Fúlabyggja." Fúla er um 240 m NNV við Stóru-Voga 001 og um 190 m VNV við Tjarnarkot.

Á þessu svæði er ennþá fjara þar sem safnast saman þari og annar sjávargróður sem rotnar. Fjaran er malarfjara og er sunnan við 3-4 m háan grjóthlaðinn sjávarvarnargarð þar sem iðnaðarhúsnæði Áltaks og Þorbjarnar standa. Ekkert sést til fornleifa. Ekki er ljóst frá hvaða bæ vörin var nýtt en líklegt er að miðað við staðsetningu hafi hún verið nýtt frá Eyrarkoti 124:001 eða Norðurkoti 129:001.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vogar, 9

GK-123:052 *Stóru-Vogastígur* heimild um leið 63°58.957N 22°23.367V

"Heiman frá bæ [001] lá Stóru-Vogastígur niður í Stóru-Vogavör [053] við Stóru-Vogatanga." segir í örnefnaskrá. Stígurinn hefur trúlega legið NV-SA meðfram ströndinni frá bæ 001 að tóftum 055 og 006. Nákvæm staðsetning óþekkt.

Á þessu svæði er malbikaður göngustígur og slétt graslendi.

Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vogar, 8-9

GK-123:053 *Stóru-Vogavör* heimild um lendingu 63°58.949N 22°23.384V

"Heiman frá bæ lá Stóru-Vogastígur [052] niður í Stóru-Vogavör við Stóru-Vogatanga." segir í örnefnaskrá. Stóru-Vogavör hefur líklega verið um 115 m NV við bæ 001 og um 15 m SSA við Stóru-Vogasjóhús 055.

Á þessu svæði er sendin og grýtt fjara SSA undir Stóru-Vogatanga.

Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vogar, 9

GK-123:054 *Stóru-Voganaust* mannvirki naust

63°58.956N 22°23.386V

"Heiman frá bæ lá Stóru-Vogastígur [052] niður í Stóru-Vogavör [053] við Stóru-Vogatanga. Upp var [svo] Vörinni var Stóru-Voganaust og Stóru-Vogasjóhús [006 og 055]." segir í örnefnaskrá. Aflöng djúp dæld er um 120 m NV við bæ 001 og um 3 m ASA við tóft 055.

Naustin er fast austan við efri brún fjöru í grasigrónum bakka sem hallar um 2-4° í SSV.

Ummerki, hugsanlega eftir umrædda naust eru á þessum stað. Þar má sjá um 0,4 m djúp dæld sem liggur NNA-SSV. Dældin er um 2 m á breidd og um 8 m á lengd.



Mannvirki 054, horft til SSV

Bakkar hennar eru vel grasgrónir og aflíðandi. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Samkvæmt Guðrínu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru fiskibátarnir sem notaðir voru í Vogum í hennar tíð yfirleitt bara geymdir á hvolfi í sandinum ofarlega í fjörunni án nokkurra mannvirkja þeim til varnar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Ö-Vogar, 9

GK-123:055 Stóru-Vogasjóhús tóft sjóbúð

63°58.956N 22°23.397V



Tóft 055, horft til suðvesturs



Tóft 055

"Heiman frá bæ lá Stóru-Vogastígur [052] niður í Stóru-Vogavör [053] við Stóru-Vogatanga. Upp var [svo] Vörinni var Stóru-Voganaust [054] og Stóru-Vogasjóhús [055]." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var fiskhús um 120 m NV við Stóru-Voga 001 og um 170 m VSV við Tjarnarkot GK-127:001. Tvöföld tóft er um 130 m VNV við bæ 001 og um 170 m SV við Tjarnarkot GK-127:001.

Tóftin stendur á efribrún fjöru í sléttu graslendi á Stóru-Vogartanga.

Tóftin er tvískipt, um 9 m á lengd, um 7 m á breidd og snýr ASA-VNV. Hólf A er í tóftinni norðanverðri, um 2 m á breidd, um 4 m á lengd og niðurgrafnir veggir þess eru um 0,4 m á hæð og um 1-1,5 m á breidd. Hólf B snýr VNV-ASA. Þar sem hólf B hefur verið er nú sléttur grasgróinn upphækkaður pallur SSV við hólf A. Pallurinn er um 0,5 m á hæð og glittir í grjóthleðslur hér og þar í veggjum hans. Pallurinn er um 5 m á breidd og 7 m á lengd. Hér hefur trúlega verið tímurbús á grjóthleðnum grunni. Tóftin er vel grasgróin og lítið rofin en efri brún fjöru er komin mjög nálægt tóftinni að V svo hún er í hættu vegna sjávarrofs. Samkvæmt Magnúsi Ágústssyni var fjárhús frá Stóru-Vogum á þessu svæði en samkvæmt ljósmynd sem tekin er árið 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands voru þarna sjöhús frá Stóru-Vogum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vogar, 9; Túnakort 1919

GK-123:059 mannabein legstaður

63°58.929N 22°23.269V

Í Strönd og Vogar segir: ""Hrolleifur bjó síðan í Kvíguvogum og er þar heygður. Hans son var Svertingur, faðir Gríms lögsögumanns á Mosfelli." Enginn veit nú, hvar haugur Hrolleifs er. Sumir hafa giskað á, að hann muni vera rétt hjá húsínu, sem nú er í Stóru-Vogum, því að mannsbein hafa fundizt þar í hólbarði. Kálund getur um hauginn í Íslandslýsingu sinni og segir, að á haugnum hafi fyrst verið reist hjáleiga og síðan fjárhús." Samkvæmt Guðrínu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, fundust mannbeinin í fjöru í sniði bæjarhóls að vestanverðu um 15 m vestan við íbúðarhús Stóru-Voga 001.

Bæjarhóll Stóru-Voga er nú að hálfu rofinn í burtu að vestan vegna ágangs sjávar. Þar er nú brött grytt brún sem hallar um 30-40° til V.

Ekkert sést til fornleifa í dag. Guðrún sagðist ekki vera viss um það hvort beinin hafi verið rofin úr bæjarhólnum eða hvort um hafi verið að ræða bein óþekkt sjómanns. Samkvæmt Helga Davíðssyni, einum eiganda Ásláksstaða, fundust beinin í sjávarbakkanum skammt norðan við bæjarrústina, á ská út frá tóft útihúsanna. Líklegast er að beinin tengist í raun kirkjugarði hálfkirkju Stóru-Voga sem talið er að hafi verið á jörðinni (sjá 002) þó ekki sé hægt að fullyrða það en einnig gæti alveg verið um legstað Hrolleifs að ræða. Snið bæjarhólsins er ógreinilegt vegna jarðvegshruns og rasks vegna byggingar sjávarvarnargarðs, göngustígs og skólabyggingar. Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur og Viktori Guðmundssyni fundust beinin 5. júní 1976 og voru þau send Þjóðminjasafni Íslands til greiningar og varðveislur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Árni Óla: Strönd og vogar, 14

GK-123:101 garðlag kálgarður

63°58.937N 22°23.219V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður fast austan við Stóru-Voga 001. Grjóthlaðið garðlag sem hlaðið var utan um kálgarðinn er enn að hluta uppistandandi fast austan við NA horn tóftar 003. Það er um 4 m norðan við bárujárns skúr sem er um 5 m austan við bæ 001. Einnig er annað garðbrot úr sama garði um 14 m sunnan við tóft 003.

Norðurhluti gerðisins er í grasigróinni brekku sem hallar um 20° í suður og vesturhluti þess er samsíða vesturhlið skúrs utan í bæjarhól SA verðum.

Garðbrotin eru grjóthlaðin, um 0,5-1 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Norðan við skúr er garðbrot um 22 m á langt og snýr ANA-VSV. Þar hverfur garðlagið í austur undir malargöngustíg og endar í vestri við NA horn tóftar 003. Syðra garðbrotið er um 11 m langt, um 0,5-0,6 m á hæð, um 0,5 m á breidd og snýr N-S. Það hverfur í suðri vegna sléttunar en í norðri er það hrunið á 14 m kafla að SV horni tóftar 003. Breidd garðbrotanna er þó nokkuð óviss þar sem lítið sem ekkert sést af ytri brún þeirra. Hleðslur eru grasigrónar en vel sést þó í grjóthleðslur. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthleðnum garðlögum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



Garðlag 101, horft til norðurs

GK-123:106 heimild um kálgarð

63°58.937N 22°23.266V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður frá Stóru-Vogum fast norðan við fjósið á bænum (sjá 001b).

Á þessu svæði er nú sléttuð grasflöt.

Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthleðnum garðlögum. Á ljósmynd frá árinu 1936 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sjást greinilegar grjóthleðslur utan um kálgarðinn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Túnakort 1919

GK-123:158 þúst

63°58.946N 22°23.301V

Stór þúst er um 50 m norðvestan við bæ 001, fast suðvestan við göngustíg sem liggur meðfram ströndinni og sveigir framhjá þústinni.

Þústin er á sjávarbakka, á milli göngustígs og fjöru.



Þúst 158, horft til suðvesturs á mynd

Þústin er um 13x11 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er smáþýfð og sinuvaxin. Hæst er þústin í austurenda

Þar sem hún er um 0,6 m á hæð en annarsstaðar er hún 0,4-0,5 m á hæð. Í suðurhluta þústarinnar er lægð sem er um 5-7x6 m að innanmáli. Nyrst er dældin 5 m á breidd en breiðkar til suðurs að jaðri þústarinnar sem er á sjávarbakknum. Lægðin er um 0,2 m á dýpt og hallar lítillega til suðurs. Sjórin brýtur af bakknum og þústin. Sjávarbakkinn er að mestu gróinn og því var ekki hægt að kanna hvort hleðslur eða vísbendingar um mannvirki væru í rofi. Ekki er útilokað að þústin sé náttúruleg en líklegt verður að teljast að mannvistarleifar leynist í henni vegna þess hversu nálægt bæ hún er.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-123:159 hleðsla túngarður

63°58.950N 22°23.411V



Á mynd til vinstri má sjá hleðslu 159A, horft til ANA. Á mynd til hægri má sjá hleðslu 159B, horft til norðvesturs

Óljósar leifar af garðlagi sjást í fjörunni um 100 m norðvestan við bæ 001 og um 5 m sunnan við tóft 055.

Minjarnar eru í fjöru sem er sendin en grýtt á köflum.

Leifar af garðlaginu sjást á tveimur stöðum á svæði sem er um 40x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Vestast á svæðinu er grjóthleðsla A sem liggur nálega austur-vestur á um 30 m löngum kafla. Um 10 m austan við hleðslu A er afar óljós grjóthleðsla B sem liggur norðvestur-suðaustur og er um 6 m á lengd. Allt bendir til þess að hleðslurnar séu úr sama mannvirki og fylgja þær lögun strandarinnar. Líklegt er að hér sé um leifar af túngarði og/eða varnargarði að ræða. Hleðslurnar virðast vera einfaldar á breiddina og eru 0,3-0,5 m á breidd. Víðast sést aðeins eitt umfar í hleðslum en þó má greina tvö umfær nærri vesturenda hleðslu A.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-123:160 hleðsla

63°59.017N 22°23.449V

Ógreinileg hleðsla er um 225 m norðvestan við bæ 001 og um 15 m norðaustan við landinguna Fúlu 021.

Hleðslan er í sjávarbakknum, í krika þar sem eiði við Vogatjörn og sjóvarnargarður við athafnasvæði hafnarinnar mætast. Fast norðaustan við hana er malbikaður göngustígur.

Hleðslan er um 4 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,5 m á breidd og um 0,7 m á hæð og sjást í henni þrjú umfær. Hleðslan lækkar til suðvesturs og hverfur í fjörunni. Líklegt er að hleðslan sé hluti af byggingu sem tengst hefur sjósókn á einhvern hátt og möguleiki er á því að aðrir hlutar hennar séu enn undir sverði í sjávarbakknum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Hleðsla 160, horft til norðvesturs

GK-127 Tjarnarkot

Hjáleiga Stóru-Voga árið 1703, þá í eyði en í byggð árið 1847 (skv. Jarðabók Árna og Páls og síðan Jarðatali Johnsens). Tjarnarkot var byggt upp um 1880 (GJ: Mannlíf og mannvirki, 75).

Túnakort 1919: Tún 0,11 teigar, garðar 620 m².

GK-127:002 Tjarnarkotsvör heimild um lendingu

63°58.996N 22°23.434V

Í örnefnaskrá segir: "Tjarnarkot [001] stóð í Tjarnarkotstúni niðurundan er Tjarnarkotsklöpp og rétt við hana

Eyrarkotsvör [GK-124:002], Tjarnarkotsvör, Háþæjarvör [GK-123:017] og vörin Fúla [003] eða Fúlavík en þarna safnaðist mikið þang og þari og fúlnaði." Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, hefur Tjarnarkotsvör trúlega verið um 170 m vestan við Tjarnarkot 001 og um 190 m NV við Stóru-Voga GK-123:001.

Á þessu svæði er nú grýtt fjara.

Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur voru flestir fiskibátar yfirleitt geymdir efst í fjörunni ofan við lendingu en ekki í naustum. Ekkert sést til mannvirkja.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vogar, 9

GK-137 Hlöðunes

Jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. JÁM III, 127. 9. september 1447: Bréf um jarðaskipti Einar Þorleifssonar og Steinmóðar ábóta í Viðey. Einar lét klaustrið í Viðey hafa jarðirnar, Voga (20 hdr.), Hlöðunes (20 hdr.), tvenna Ásláksstaði (40 hdr.), Knarrarnes tvö (30 hdr.), Breiðagerði fyrir (10 hdr.). DI IV 707-708. 1547-48 er jarðarinnar getið í físetareikningum. DI XII, 115. 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 4 vættir fiska. Árni Óla: Strönd og Vogar, 26.

1703: Hlöðuneskot GK-139 eina hjáleigan. JÁM III, 129. 1847: Hjáleigur í byggð eru Narfakot [GK-138] og Hlöðuneskot [GK-139]. JJ, 90. "Hlöðuneshverfi á Vatnsleysuströnd tilheyrðu eftir taldir bæir. Hlöðunes [001], Halldórsstaðir [021], Narfakot [GK-138], Miðhús [022], Bjarghóll [023], Nýlenda [024], Holt [025] var rétt hjá Hlöðunesi og á Töngunum Gerði [140:051] og Atlagerði [140:049]." Ö-Hlöðunes, 3, 5. Klöpp 052 var einnig afbýli sem fór í eyði fyrir aldamótin 1900. GJ: Mannlíf og mannvirki, 253.

Jörðin einnig nefnd Hlöðversnes. Þar var tvíbýli og seinni bærinn nefndur Hlöðversneskot, Gilsbakki og Vesturkot (sjá Hlöðuneskot GK-139).


1703: "Túnin brýtur sjór með sandi og grjóti æ meir og meir. Engjar eru öngvar. Úthagar litlir um sumar, nær öngvir um vetur nema fjaran." JÁM III, 129.

1919: Tún 3,6 teigar, garðar 1500m² samkvæmt túnakorti.

GK-137:012 Hlöðunesnaust tóftir útihús

64°00.633N 22°21.507V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var garðlag með áföstum tveimur útihúsum og einu hrófi á milli útihúss 011A og hjalls 014, um 250 m norðan við bæ 001. Í ornefnaskrá segir: "Allar varir Hlöðuneshverfis voru nefndar einu nafni Hlöðunesvarir. Vestust var Hlöðunesvör [034]. Ofan vararinnar var Hlöðuneskampur og á honum var Hlöðuneskamphús, og Hlöðunesnaust eða Hlöðunesskiparétt." Hlöðuneskamphús er líklega það útihús úr timbri á túnakorti áfast garðlagi um 220 m norðan við bæ 001 og Hlöðunesnaust eða Hlöðunesskiparétt er líklega þar sem hróf er merkt inn á túnakort um 225 m norðan við bæ 001. Leifar af öllum mannvirkjunum sem sýnd eru á túnakorti sjást enn, s.s. Garðlagið, hrófið (Hlöðunesnaust), þúst þar sem Hlöðuneskamphús stóð, og tóft af ótilgreindu útihúsi. Garðlagið er sjóvarnargarður en afmarkaði einnig, til norðausturs, sama túnblett og garður 011B. Allar þessar minjar eru samtengdar og skráðar saman undir einu númeri.



Tóftir 012 og hleðsla 013



Þúst D er innan 50 m helgunarsvæðis sjóvarnargarðs C, horft til norðausturs



Naust C er innan 50 m helgunarsvæðis sjóvarnargarðs C, horft til vesturs

Minjarnar á grasi grónu en grýttu flatlendi á mörkum túns og fjöru.

Minjarnar eru á svæði sem er um 58x14 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er í norðvesturenda svæðisins. Tóftin er grjóthlaðin og einföld. Hún er um 4x3,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Á norðvesturhlið tóftarinnar er aðeins lágur gróinn veggur og kann þar að hafa verið timburpil með dyrum eða að hleðslurnar séu að mestu leyti hrundar á þeirri hlið. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m og sjást 5 umför í hleðslunni. Laust grjót er framan við tóftina til norðvesturs en ekki er að sjá að það hafi hrunið úr henni. Líklega er það grjót sem sjórinn hefur borið á land. Tóftin er áföst garðlagi B sem liggur frá henni til suðausturs að hrófi eða nausti C. Garðurinn er grjóthlaðinn en hrunninn. Hann er um 1 m á breidd og 0,4 m á hæð. Naust C er á u.þ.b. miðju svæðinu, um 30 m suðaustan við tóft A. Það er um 9x13 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Ekki er veggur meðfram norðvesturhlið naustsins nema að hluta. Ekki er ljóst hvort það var þannig upphaflega eða hvort ágangur sjávar hafi brotið af norðausturenda veggjarins. Ekki er hlaðið fyrir norðausturhlið naustsins. Veggjahleðslurnar í naustinu standa víða enn og eru hæstar m 1,2 m. Mest sjást 6 umför í hleðslum og eru hleðslur víðast um 1 m á breidd. Um 1,5 m suðaustan við naustið er þúst D þar sem Hlöðuneskamphús stóð. Þústin er grasi vaxin en grjóthleðslur má greina í henni. Þústin er um 9x3,5 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Mesta hæð er um 1 m og sjást 3 umför í hleðslu. Ekki er útilokað að grjóthleðslan hafi tilheyrt garði B frekar en útihúsinu. Garður B heldur áfram frá þúst D að hjalli 014.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Hlöðunes, 5

GK-137:013 hleðsla

64°00.624N 22°21.464V

Vegghleðsla er fast norðaustan við þúst 012D af Hlöðuneskamphúsi og um 250 m NNV við bæ 001. Sjá teikningu sem fylgir minjum 012.

Minjarnar eru í grýttri fjöru.

Veggjarhleðslan er úr grjóti, um 4,5x1,5 m að stærð og er hann um 1 m á þykkt. Veggurinn snýr norðvestur-suðaustur. Hann er um 0,6 m á hæð og sjást 4 umför í hleðslu. Aðrir hlutar mannvirkisins eru líklega horfnir vegna landbrots.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



Hleðsla 013, horft til suðausturs

GK-137:014 heimild um hjall

64°00.619N 22°21.440V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var hringlaga grjóthjallur um 220 m norðan við bæ 001.

Hjallurinn var á lítilli klöpp þar sem Miðhúsagarður 022B og garður 012B mætast fast sunnan við sendna klapparfjöru.

Ekki sjást leifar af hjallinum á klöppinni en þar eru leifar af garði 022B sem liggur eftir brún klapparinnar og meðfram sjávarbakkanum til suðausturs. Ef til vill hefur hjallurinn verið rifinn eða hann hefur horfið vegna landbrots.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-137:021 *Halldórsstaðir* bæjarstæði býli 64°00.527N 22°21.246V
"Hlöðuneshverfi á Vatsnleysuströnd tilheyrðu eftir taldir bæir. Hlöðunes [001], Halldórsstaðir, Narfakot [GK138:001], Miðhús [022], Bjarghóll [023], Nýlenda [024], Holt [025] var rétt hjá Hlöðunesi og á Töngunum Gerði [140:051] og Atlagerði [140:049]," segir í örnefnaskrá. Utan um Halldórsstaðatún er túngarður. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Jörðin var byggð úr 1/4 af torfunni. Búið að slétta allt." Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru Halldórsstaðir um 150 m norðaustan við bæ 001. Jörðin fór í eyði á síðari hluta 20. aldar. Á túnakortinu eru sýnd 5 útihús, einn brunnur, ein þró og þrjú kálgarðar. Fyrir utan

bæjarstæðið sáust þrjár tóftir (ein þeirra er ekki sýnd á túnakorti), leifar af brunni og leifar af tveimur kálgörðum. Á túnakorti er afgirt tún NNA við tún Halldórsstaða og stendur þar að það sé útgræðsla og að þar hafi þurrabúðin Bjarghóll 023 staðið en búið sé að slétta úr minjum um það. Ekki er ljóst hvort að útræktin hafi tilheyrt Halldórsstöðum eða Narfakoti á fyrri hluta 20. aldar þegar túnakortið var gert. Í dag (2012) tilheyrir það hins vegar ábúendum í Narfakoti.

Túnið á Halldórsstöðum er nokkuð flatlent nema meðfram austurjaðri þess en þar eru grónar klappir. Vegur heim að Narfakoti 138:001 liggur austan og norðaustan við túnið og hefur valdið raski á þeim kálgarði sem er næstur bæjarstæðinu.

1919: Tún 1,9 teigar, garðar 1300m². Hér eru þær minjar sem tilheyra býlinu skráðar saman undir einu númeri en hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Minjasvæðið er um 145x50 m að stærð og snýr norður-suður. Leifar af íbúðarhúsi og sambyggðu útihúsi A eru norðarlega í túni Halldórsstaða. Þarna eru hlaðin og steipt hús saman sem ná yfir svæði sem er um 20x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Íbúðarhúsið var í austurenda svæðisins og var grunnflötur þess um 9x10 m að stærð og sneri það norður-suður. Í norðaustasta hluta hússins er hlaðinn kjallari undir hluta hússins sem er búið að rífa að öðru leyti. Kjallarinn er um 4x4 m að innanmáli en mjókkar til suðurs. Hann er um 1 m á dýpt og sjást 5-6 umför í hleðslum sem eru með sementslími. Kjallarinn er fullur af rusli og steypubrotum. Kjallarinn virðist ekki vera niðurgrafinn, heldur er hann hlaðinn í sprungu í lágum hraunhól sem húsið stóð á. Leifar af steiptum skorsteini sjást í vestasta hluta hússins. Sunnan við íbúðarhúsið er steinlögð stétt. Hæstu hlöðnu veggirnir í húsinu eru um 1,3 m á hæð og sjást 6 umför í hleðslum og sementslím. Vestan við íbúðarhúsið er hús sem er grjóthlaðið og er sementslím í hleðslum. Líklegt er að í þessu húsi hafi verið hlaða. Það er um 4x8 m að stærð og snýr norður-suður. Inni í því er mikið af rusli og byggingaleifum. Op er á vesturlangvegg inn í útihús sem er steipt að hluta og hlaðið og múrað að hluta. Þetta hús er um 7x8 m að stærð og snýr norður-suður. Það skiptist í tvö jafnstór rými sem eru um 2,5x7 m að innanmáli en á milli þeirra eru steiptir stokkar og renna á milli stokkanna. Líklegt er að hér hafi verið fjós. Sunnan við íbúðarhúsið er steinlögð stétt. Útihús G sem samkvæmt túnakorti var um 5 m sunnan við íbúðarhúsið er líklega horfið undir íbúðarhúsið vegna stækkunar íbúðarhúss til suðurs. Ógreinilegar leifar af útihúsi E sjást um 5 m SSA við íbúðarhús A. Þar sjást útlínur tóftar sem er um 3x3 m að stærð. Stórt grjót er í norðvestur- og suðvesturhornum tóftarinnar. Ekki sjást skýr ummerki um útihús C eða D sem voru 5 m norðvestan við íbúðarhús A. Um 4 m norðan við íbúðarhús A er 8 m langur grjóthlaðinn kantur M, líklega leifar af vegi að bænum. Til norðausturs frá þeim kanti er annar grjóthlaðinn kantur N sem liggur til norðausturs og er um 160 m á lengd og í honum sést 1 umfar steina. Hlutverk þessa kants er óljóst en hann kann að vera leifar af austurhlið kálgarðs K. Þró B sést enn en hún er um 7 m norðan við útihús sem er áfast íbúðarhúsi A. Þróin er tvískipt og nær yfir svæði sem er um 6x3 m að stærð og snýr norður-suður. Hvor hlut þróarinnar er um 2x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Um 2 m breitt haft er á milli þeirra. Þróin er um 1 m á dýpt. Hún er gróin að innan og hefur ýmiskonar rusli verið holað þar niður. Kálgarður K er fast norðan við þró B og útihús C og D. Hann er grjóthlaðinn, er um 16x26 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðslur eru hrundar en hæstar eru þær um 0,6 m og



Leifar af kálgarði 021K má sjá ofan við miðja mynd, horft til norðvesturs.

víða 1,5 m á breidd. Ekki sést fjöldi umfara. Austurhlið kálgarðsins hefur orðið fyrir raski vegna vegaframkvæmda. Ekki var hlaðinn veggur meðfram suðurhlið garðsins. Kálgarður F var í suðausturhorni Halldórsstaðatúns, hann er horfinn. Gerði L sem afmarkaði kálgarð og túnblett auk tveggja áfastra tófta eru á milli bæjarstæðis A og kálgarðs F. Gerðið er um 40x30 m að stærð og snýr norður-suður. Það er grjóthlaðið en hleðslurnar eru víðast hrundar og grónar eða hafa verið rifnar. Hleðslur sjást naumlega á norðurhlið. Mesta hæð veggja er um 0,3 m og víða eru þeir 1,5 m á breidd vegna þess hversu útflattir þeir eru. Tóft H er í suðausturhorni gerðisins. Hún er grjóthlaðin og tvískipt, er um 7x5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hólf I er um 1,5x1,5 m að innanmáli en mikið hefur hrunið inn í það úr SSA-vegg. Op er á þessu hólf til NNV. Hólf II er VSV við hólf I. Það er um 1x0,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ekki sést op á því en þó virðist hafa verið op á því til SSA. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1 m utan máls og sjást 5 umför í innanverðum veggjum. Tóft I er fast vestan við tóft H. Tóftin er hlaðin utan í hæð í túninu og mögulega niðurgrafin að hluta til. Hún er torf- og grjóthlaðin og er einföld. Hún er um 5x6 m að stærð og snýr SSA-NNV. Op er í suðausturhorni tóftarinnar en hrunið hefur ofan í það. Tóftin er mjög gróin og veggir standa lítið upp úr jörðu. Mesta hleðsluhæð er 0,6 m, ekki sést fjöldi umfara. Á túnakorti sést einnig að brunnur J var um 10 m norðaustan við kálgarð K. Þar er nú vegur sem liggur að Narfakoti 138:001 og líklegt að brunnurinn hafi farið undir hann. Hins vegar er annar brunnur skráður á númer 046 og hefur hann að öllum líkindum tilheyrt Halldórsstöðum. Ekki er útilokað að brunnurinn sem merktur er á túnakort sé sá sami og skráður var á númer 046. Brunnur 046 er um 20 m suðaustan


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 3, 5; GJ: Mannlíf og mannvirki, 255-257; Túnakort 1919

GK-137:022 Miðhús bæjarstæði býli

64°00.600N 22°21.402V

"Hlöðuneshverfi á Vatnsleysuströnd tilheyrðu eftir taldir bæir. Hlöðunes [001], Halldórsstaðir [022], Narfakot [138:001], Miðhús, Bjarghóll [023], Nýlenda [024], Holt [025] var rétt hjá Hlöðunesi og á Töngunum Gerði [140:051] og Atlagerði [140:049]," segir í örnefnaskrá. Þar segir einnig: "Miðhús er álitid að sé 10 álnir, að fornu



Á teikningunni sjást leifar af bæjartóft A og túngarði B en auk þess leifar af Narfakotsnausti 138:010

mati úr Hlöðuneshverfi. Lóð sú er býli því fylgir, sem er upphaflega Matjurtagarður og Stakksstæði, er öll afgirt með Grjótgörðum og liggur við sjóinn ...". Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Miðhús var eignarland með lítillsháttar grasnyt og var í Hlöðversneslandi." Miðhús fóru í eyði upp úr aldamótunum 1900 og lagðist býlið undir Narfakot. Minjar um Miðhús eru um 200 m norðan við bæ 001. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tún Miðhúsa afmarkað með túngarði B og innan hans voru tvö mannvirki, líklega bæjarhús A og útihús C.



Á vinstri mynd er bæjartóft A, horft til vesturs. Á hægri mynd er túngarður B, horft til norðvesturs

Minjarnar eru í suðausturhorni lítils túns niður við sjó sem afmarkað er með grjótgörðum. Sjórinn hefur mjög gengið á land á þessum stað og brotið af túninu. Meint bæjartóft er á hól í túninu.

Minjar um Miðhús sjást á svæði sem er um 50x30 m að stærð og snýr austur-vestur. Hvert mannvirki fær bókstaf til aðgreiningar í lýsingu. Svæðið er afmarkað af túngarði B. Hann er víðast nokkuð stæðilegur þó að hleðslur séu sumstaðar fallnar. Hann er um 1,5 m að breidd og víðast um 1 m á hæð. Mest sjást 6 umför. Líklega hefur túngarðurinn verið endurhlaðinn eftir að býlið fór úr byggð. Í austurhluta svæðisins liggur túngarðurinn utan í hól sem bæjartóftin A er á. Þar er hann einungis grjóthlaðinn kantur á svæði sem er um 10x6 m og snýr norður-suður. Við norðurenda kantsins eru leifar af Narfakotsnausti 138:010. Hleðsluhæð kantsins er mest í norðurenda, 0,7 m og sjást 3 umför. Bæjartóftin A er orðin nokkuð sigin. Hún er um 9x6 m að stærð, snýr norður-suður. Hún er torf- og grjóthlaðin. Óljóst má greina þrjú hól í henni. Hólf I er í suðurenda tóftarinnar. Það er um 1x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólf II er þar norðan við. Það er um 2x1 m að innanmáli, snýr norður-suður. Þetta hól er skýrasta hólfið í tóftinni. Í norðurenda tóftarinnar er afar ógreinilegt hól III sem er um 1x0,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru útflattir nema í suðurenda. Engir skýrir inngangar eru inn í tóftina eða op milli hólfa. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 5 umför. Á milli hleðslu á austurhlíð hólis og tóftar er rof sem hefur gróið. Útihús C sem merkt er á túnakort var 35-40 m norðvestan við bæjartóft A. Þar sem það stóð að líkindum er grýtt klapparfjara. Það er því horfið vegna landbrots.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ó-Hlöðunes, 3, 5; GJ: Mannlíf og mannvirki, 251

GK-137:023 Bjarghóll bæjarstaði býli

64°00.563N 22°21.256V

"Hlöðuneshverfi á Vatnsleysuströnd tilheyrðu eftir taldir bæir. Hlöðunes [001], Halldórsstaðir [021], Narfakot [138:001], Miðhús [022], Bjarghóll, Nýlenda [024], Holt [025] var rétt hjá Hlöðunesi og á Töngunum Gerði [140:051] og Atlagerði [140:049]," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Jörðin fór í eyði fyrir aldamótin 1900." Á túnakorti frá 1919 er staðsetning býlisins Bjarghóls sýnd en þar stendur einnig að öll ummerki um býlið séu horfin. Býlið var um 60 m norðan við Halldórsstaði 021A og um 185 m norðaustan við Hlöðunes 001.

Bjarghóll var á fremur litlum og lágum hól í flatlendu og sléttlendu túnstykki norðaustan við veg heim að Narfakoti 138:001. Í norðausturhorni túnsins er allhár hól sem er að hluta innan túns og að hluta utan þess. Hlaðinn garður er meðfram túni og tengist Narfakotstúngarði 138:008 og er skráður



Bæjarstaði Bjarghóls 023, horft til suðvesturs

með honum.

Engar minjar um býlið Bjarghól sjást á vettvangi og hefur það líklega allt verið rífið og sléttað út við túnrækt. Ekki er hægt að útiloka að einhverjar leifar af því leynist enn undir sverði.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 5; GJ: Mannlíf og mannvirki, 253; Túnakort 1919

GK-137:032 *Sundvarða* varða

64°00.609N 22°21.215V

"Fjörur þær er tilheyra Halldórsstöðum [021] eru: Frá Sundvörðu, er stendur á Malarkampi ..." segir í örnefnaskrá. Ekki fengust upplýsingar um nákvæma staðsetningu vörðunnar en líklegt er að hún hafi verið um 275 m norðaustan við bæ 001. Varðan er horfin.

Varðan var á breiðum malarkambi sem gróinn er að nokkru að innanverðu, til suðausturs, en grýtt fjara er til norðvesturs.

Ekki sést til minja um vörðuna og er líklegt að hún hafi horfið vegna landbrots.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 3

GK-137:034 *Hlöðunesvör* renna lending

64°00.634N 22°21.458V

"Allar varir Hlöðuneshverfis voru nefndar einu nafni Hlöðunesvarir. Vestust var Hlöðunesvör," segir í örnefnaskrá. Þar segir einnig: "Hlöðunesi tileyrir einnig fjara frá Krummahjalli [031] eða Kletti þeim, sem Hjallurinn stendur á, sem er Stór Klettur eða Klöpp fyrir vestan Hlöðuneslendinguna í Lóni ...". Hlöðunesvör er um 270 m norðan við bæ 001.

Vörin er í jafnlendri klapparfjörðu með skeljasandi.

Vörin er rudd og hafa veggir verið hlaðnir beggja vegna við hana. Hún er um 20x20 m að innanmáli og liggur hún norðaustur-suðvestur. Norðvesturveggur er mjög skýr og stendur á um 13 m löngum kafla, er um 1 m á hæð og sjást 3 umför. Suðausturveggurinn er lægri og ógreinilegri, sést á um 10 m löngum kafla, er 0,5 m á hæð og sjást 2 umför. Mögulega hefur suðausturveggurinn ekki verið hlaðinn, heldur myndast þegar vörin var rudd.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 5, 2

GK-137:054 hleðsla

64°00.603N 22°21.186V

Hleðsla er um 10 m norðan við tóft og garðlag 068 um 280 m norðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru í grónum móa suðaustan við malarkamb og litla tjörn sem sjór safnast í á flóði.

Grjóthleðslur eru á svæði sem er um 9x3,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tvær samsíða grjótraðir liggja frá lítilli klöpp til norðvesturs að sjá og enda við litla tjörn innan við sjávarkamb. Grjótraðirnar eru um 0,5 m á breidd og um 0,2 m á hæð. Ekki stendur steinn yfir steini. Um 2 m suðaustan við norðvesturenda raðanna virðist vera hólf en þó er það óljóst. Þar breikkar svæðið lítilliga og óljóst mótur fyrir þverhleðslu á milli grjótraðanna.



Hleðsla í norðvestanverðri Hlöðunesvör 034, horft til norðurs



Hleðsla 054, horft til norðvesturs

Breikkunin er 3,5x3,5 m að stærð. Hlutverk minja er óljóst en þær eru líklega ekki ýkja gamlar og er líklegt að þær tengist útræði úr Nýjuvör 038. Á klöppinni við suðausturenda minjanna er stórgrýti og spýtnabrák, mögulega leifar af fiskhúsi.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-137:068 tóft+garðlag

64°00.587N 22°21.202V

Gróin tóft og garðlag eru um 65 m norðaustan við Bjarghól 023 og um 250 m norðaustan við Hlöðunes 001.


Minjarnar eru á fremur flatlendu svæði fast austan við hól og sem túngarður Narfakots 138:008 liggur um.

Minjasvæðið er um 30x20 m að stærð og snýr norður-suður. Á því eru tóft A og garðlag B. Tóft A er vestast á svæðinu. Hún er hlaðin austan undir lágan hraunvegg. Hún er sigin og gróin og orðin óljós en er líklega grjót- og torfhláðin. Hún virðist vera einföld. Tóftin er um 3x3 m að stærð og líklega var op á henni á norðurhlið, næst hraunveggnum. Mesta hleðsluhæð eru um 0,3 m en ekki sést fjöldi umfara í veggjum vegna gróðurs. Fast sunnan við tóftina er grjót sem kann að hafa hrunið úr henni eða öðru mannvirki. Garðlag B sem er um 33 m á lengd og liggur í boga frá suðvestri til norðvesturs afmarkar svæði sem er um 20x30 m að stærð með hólnum sem tóftin er fast við. Garðurinn er hruninn, í honum er stórt grjót og ekki stendur steinn yfir steini. Hann er 0,5-1 m á breidd. Innan gerðisins er flatlent grösugt svæði en sjá má að sjór flæðir inn á þetta svæði á flóði. Hlutverk minjanna er óljóst en mögulega hefur þetta verið útihús og aðhald frá Bjarghóli, Narfakoti eða Hlöðunesi.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Tóft 068A, horft til suðurs



Teikning af tóft og garðlagi 068

GK-138 Narfakot

Hjáleiga Hlöðuness 1847. JJ, 90.

1919: Tún 1,7 teigar, garðar 700 m² samkvæmt túnakorti.

GK-138:001 Narfakot bæjarhóll bústaður

64°00.571N 22°21.339V

Gamli bærinn í Narfakoti stóð á sama stað og núverandi íbúðarhús, á fremur lágum hól í miðju Narfakotstúni. Heilsársbúseta er í Narfakoti.

Umhverfis núverandi íbúðarhús eru kálgarðar 004 og 012 til norðvesturs og suðvesturs. Suðaustan við húsið er sléttuð flöt sem er að hluta grasi gróin og að hluta hellulögð.

Engar minjar um gamla bæinn sjást og ekki virðist um uppsöfnun mannvistarlaga að ræða á bæjarstæðinu svo að hægt sé að tala um bæjarhól. Ekki virðist vera kjallari undir íbúðarhúsinu en ætla má að eitthvert rask hafi orðið á bæjarstæðinu við byggingu þess.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: GJ: Mannlíf og mannvirki, 255; Túnakort 1919

GK-138:002 heimild um útihús

64°00.575N 22°21.338V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var fjórskipt útihús um 5 m norðaustan við bæ 001 og um 5 m suðaustan við kálgarð 012.

Útihúsið var líklega á hólnum sem bærinn var á og þar sem nú er stórt íbúðarhús.

Ekki sést til minja um útihúsið og er líklegt að það hafi horfið vegna niðurrifs eða bygginga.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-138:003 hleðsla útihús

64°00.578N 22°21.322V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 20 m NNA við bæ 001. Hleðsluleifar eru um 5 m norðan við íbúðarhúsið í Narfakoti. Líklegt er að þær séu leifar af útihúsinu.

Minjarnar eru í túni.

Hleðsluleifarnar sem sjást eru líklega leifar af norðaustur-útvegg útihússins. Hleðslan er um 6 m löng og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 1,5 m á breidd, 0,4 m á hæð og sjást 2 umfór hleðslu. Laust grjót hefur nýlega verið sett ofan á hleðsluna.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-138:004 þúst útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús sambyggt kálgarði fast vestan við bæ 001. Kálgarðurinn sést enn og þúst sem er á sama stað og útihúsið var.

Kálgarðurinn er fast suðvestan við íbúðarhúsið á bæjarstæðinu og þúst útihússins er fast vestan við húsið.

Minjarnar eru á svæði sem er um 26x24 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Kálgarðurinn er um 25x24 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er grjóthlaðinn og er enn stæðilegur en gróinn. Mesta hleðsluhæð er um 1 m utanmáls, ekki sést fjöldi umfara. Innan kálgarðs er grasi gróin og hefur lítill matjurtagarður verið gerður nýlega innan hans. Flöt sem er suðaustan við íbúðarhúsið hylur hluta af suðausturkálgarðsvegg. Einu sýnilegu leifarnar af útihúsinu er þúst sem er á milli



Bæjarstæði Narfakots 001, horft til norðausturs



Hleðsla 003, horft til suðvesturs

64°00.572N 22°21.346V



Þúst og kálgarður 004, horft til suðvesturs. Þústin er í forgrunni

kálgarðsveggjar og íbúðarhúss í norðurhorni kálgarðsins. Þústin er um 5x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Laust grjótt er suðaustan og norðaustan við þústina. Mesta hæð hennar er um 0,2 m.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-138:005 heimild um

64°00.567N 22°21.348V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró innan kálgarðs sem skráður er með útihúsi 004.

Þróin var innan kálgarðs, mögulega þar sem upphækkuð flöt er suðaustan við íbúðarhúsið.


Ekki sést til minja um þróna og hefur að öllum líkindum verið fyllt upp í hana.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-138:006 tóft útihús

64°00.593N 22°21.293V



Tóft 006, horft til suðurs á mynd

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 55 norðaustan við bæ 001. Þar sést nú þrískipt tóft en hefur skipist í 4 hólff samkvæmt túnakortinu.

Tóftin er norðarlega í túni Narfakots 10-15 m sunnan við fjörुकamb. Túnið er eggslétt og er nýtt fyrir hrossabeit. Tóftin er grjóthlaðin og nokkuð gróin. Hún er um 15x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er þrískipt. Í vesturenda er hólff I. Það er um 4x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til norðurs. Hólff II er samsíða hólffi I, er um 3,5x1,5 m að innanmáli. Op er á því til norðurs. Hólff III er óljóst og útflatt. Það virðist vera um 3x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Allir veggir þess nema vesturveggur eru útflattir. Fast austan við austurenda tóftarinnar er túngarður Narfakots 008. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1 m og mest sjást 5 umför. Líklegt er að útihúsið hafi þjónað sem fjárhús en það er ekki vitað með vissu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-138:007 Narfakotsbrunnur

brunnur brunnur

64°00.571N 22°21.290V

"Hlöðunesbrunnur [137:005].

Halldórsstaðabrunnur [137:046] og þá

Narfakotsbrunnur voru allir skammt frá

bæjum í Túnunum," segir í örnefnaskrá.

Brunnurinn er merktur inn á túnakort frá

1919 um 40 m austan við bæ 001. Hann



Brunnur 007, horft til suðausturs

sést enn.

Brunnurinn er fast suðaustan við hæð í túni, um 10 m norðaustan við heimreið að íbúðarhúsi.

Brunnurinn er byrgður og ekki hægt að sjá ofan í hann. Hann stendur um 0,3 m upp úr jörðu og er um 3 m í þvermál. Hann er grjóthlaðinn en gróinn. Ferkantaður viðarrammi er ofan á brunninum sem er um 2x2 m að stærð. Hann er með hlera og ofan á hleranum er grjót.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 7; Túnakort 1919

GK-138:008 garðlag túngarður

64°00.547N 22°21.448V

"Narfakotstúnið takmarkast af áður nefndri Vírgirðingu, sem er á milli Halldórsstaða og Narfakotstúna, þá eftir Grjótgarði að S-Au. og Au. Að Norðan afmarkast af Sjávangarði [014] [...]," segir í örnefnaskrá. Enn sjást leifar af túngarði Narfakots á tveimur stöðum, annars vegar um 85 m vestan við og hins vegar um 65 m norðaustan við bæ 001.

Túngarðurinn liggur um flatlent slétt tún að vestanverðu en um hóla í austurhluta.



Túngarður 008, horft til suðausturs

Garðurinn afmarkar svæði sem er um 200x100 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er grjóthlaðinn en hleðslur eru hrundar og hann hefur verið rifinn á köflum. Hann er víða 1 m á breidd og hæstur um 0,4 m, mest sjást 2 umför. Garðurinn sem afmarkar austurhluta túnsins er í kringum útgræðslu þar sem býlið Bjarghóll GK-137:023 stóð áður en óvíst er að túngarðurinn hafi tilheyrt því býli. Samkvæmt túnakorti frá 1919 náði norðurendi þess hluta túngarðsins sem afmarkaði vesturhlið túnsins að túngarði Miðhúsa GK-134:022 en nú er um 4 m bil á milli þeirra.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 3

GK-138:009 Narfakotsvör hleðsla lending

64°00.623N 22°21.398V

"Frá miðri Narfakotsvör, að austan þvert niður til sjávar, allt vestur í svo nefndan Krummahjall [137:031] ...," segir í örnefnaskrá. Hlaðið er meðfram norðvestanverðri Narfakotssvör sem er um 105 m norðvestan við bæ 001.

Vörin er í lágri klapparfjöru með ljósum skeljasandi.

Vörin er 20-30 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er þreggst yst, norðaustast, þar sem hún er um 10 m breið en víkkar svo út og verður mest 15-20 m breið næst landi. Ljós skeljasandur er í botni vararinnar. Hleðsla er meðfram norðvesturhlið hennar sem er 20-30 m löng og snýr norðaustur-suðvestur. Áætluð breidd hennar er um 1 m og hún er um 0,6 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara vegna þangs sem þekur hleðsluna.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 3-4



Narfakotsvör 009, horft til norðausturs

GK-138:010 Narfakotsnaust hleðsla naust

64°00.604N 22°21.388V

"Hér fram undan er líka talað um Syðri-Vararós og ofan varar Narfakotskamp með Narfakotsnaust ofan varar [009]," segir í örnefnaskrá. Narfakotsnaust var að líkindum þar sem tvö hróf eru merkt saman á túnakorti frá 1919 fast NNA við Miðhús 137:022. Þar eru óljósar minjar um naust um 70 m norðvestan við bæ 001.

Minjarnar eru á flatlendu svæði í túni fast sunnan við sjávarkamb. Sjá teikningu 137:022.

Veggur eða hleðsla er við enda hleðslu GK-137:022B til norðurs þar sem hún liggur meðfram austurhlið hól.

Þar er hún greinileg á um 2 m löngum kafla en verður svo afar óskýr og jarðlæg en má greina á svæði sem er um 9x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Minjarnar eru útlattar. Líklega eru þetta leifar af austara hrófinu sem merkt er á túnakort á þessum stað. Ekki sjást skýr ummerki um vestara hrófið og er líklegt að það hafi verið rífið eða að það hafi horfið vegna ágangs sjávar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 6; Túnakort 1919

GK-138:011 gryfja

64°00.597N 22°21.289V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 10 m norðaustan við útihús 006 og um 65 m norðaustan við bæ 001. Óljósar leifar af þrónni sjást enn.

Minjar um þróna eru á sjávarkambi og er sjávarrofið komið fast að henni. Sunnan við þær er grasi gróið tún og fast suðaustan við þær eru leifar af túngarði Narfakots 008.

Óljóst sést móta fyrir lægð sem er um 5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hún er full af timbur- og járnrusli en aðallega grjóti sem sjórin hafa borð á land. Líklega hefur þróin verið grjóthlaðin en það er erfitt að sjá vegna rofs og grjóts.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



Gryfja 011, horft til austurs


GK-138:012 gerði kálgarður

64°00.582N 22°21.346V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 15 m norðan við bæ 001. Leifar hans sjást enn.

Kálgarðurinn er í halla til norðvesturs frá hólum sem bærinn stóð á. Íbúðarhús er um 10 m suðaustan við hann. Innan kálgarðsins er grasi gróið og nokkuð grýtt og þar er einnig rotþró fyrir íbúðarhúsið.

Kálgarðurinn er um 16x14 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er veggur fyrir suðausturhlíð og norðvesturlangveggur er aðeins 11 m langur. Kálgarðurinn er grjóthlaðinn en gróinn. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og mest sjást 4 umför. Rof er komið í vegg í suðvesturenda kálgarðs og norðvesturveggur er nokkuð óskýr.



Kálgarður 012, horft til suðausturs á mynd

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-138:013 heimild um leið

64°00.594N 22°21.389V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið frá bæ 001 til norðvesturs að Miðhúsum 137:022 og/eða að Narfakotsvör 009.

Leiðin lá um sléttað og flatlent tún.

Ekki sést til leiðarinnar í túninu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-138:014 *Sjávargarður* hleðsla varnargarður

64°00.601N 22°21.277V

"Að Norðan afmarkast [Narfakotstún] af Sjávargarði [...]," segir í örnefnaskrá. Leifar af Sjávargarði sjást á tveimur stöðum í sjávarkampi, um 70 m norðan við bæ 001 og um 75 m norðaustan við bæ 001.

Leifar af Sjávargarðinum eru í sjávarkampi, á mörkum fjöru og túns.

Hleðslur í Sjávargarði sjást á tveimur stöðum á svæði sem er um 80x5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hleðsla A er um 75 m norðaustan við bæ 001. Hún sést á 2 m löngum kafla, snýr austur-vestur, er um 0,5 m á hæð. Í hleðslunni má greina þrjú umför grjóts. Ekki er hægt að sjá breidd garðsins vegna grjóts sem safnast hefur fyrir innan hann. Um 65 m vestan við hleðslu A er hleðsla B en hún sést á um 12 m löngum kafla sem snýr VNV-ASA. Allt í kringum hana er grjót sem sjórinn hefur borið upp að Sjávargarðinum og yfir hann. Aðeins sést óljóst hvar garðurinn er og stendur hann nánast ekkert upp úr grjótinu en er skófum vaxinn og sker sig þannig lítillega úr sjóborna grjótinu. Er um 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Þar sem ekki sést til garðsins getur hann verið horfinn eða falinn undir grjóti í sjávarkampinum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 3



Hleðsla í Sjávargarði 014, horft til suðurs


GK-143 Knararnes stærra

Jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. JÁM III, 135.

9. september 1447: Bréf um jarðaskipti Einars Þorleifssonar og Steinmóðar ábóta í Viðey. Einar lét klaustrið í Viðey hafa jarðirnar, Voga (20 hdr), Hlöðunes (20 hdr), tvenna Ásláksstaði (40 hdr), Knararnes tvö (30 hdr), Breiðagerði fyrir (10 hdr). DI IV 707-708. 1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. DI XII, 115. 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 5 vættir fiska. Árni Óla: Strönd og vogar, 26.

Árið 1703 er ein hjáleiga í eyði sem heitir Helgahús 041. JÁM III, 136. Í Knararnesi var lengi tvíbýli, nefndist Austurbær og Vesturbær. GJ: Mannlíf og mannvirki, 289.

1703: "Túnin fordjarfast árlega af sjáfarágangi og stöðutjörnum þeim, sem innan garðs liggja, og það so frekt, að gamlir menn minnst til þar hafi fódrastr x kýr og i gridúngur, og nú eru þau so spilt, að ekki fódrastr meir en áður er sagt. Þar með blæs upp árlega stórgrýti í túninu. Engjar eru öngvar. Útihagar nær öngvir sumar nje vetur utan fjaran." JÁM III, 135. 1919: Tún alls 3,1 teigar, garðar 1520m².



Fornleifar á og við bæjarhól Stóra-Knararness 001

tvíþýli og svo hefur lengi verið. Nefnast bæirnir Vesturbær og Austurbær. Gömlu bæirnir voru sambyggðir og eitt hlað. Nýtt hús var byggt í Vesturbænum 1927 og stendur það aðeins ofar og sunnar en gamli bærinn var. Austurbæjarhúsið stendur beint upp af þar sem gamli bærinn var. Það var byggt 1930," segir í örnefnaskrá KE. Bæjarhóllinn er norðarlega í túni, fast vestan við klapparfjöru. Vesturbærinn er nú um 40 m suðvestan við gamla bæinn 001 og Austurbærinn er um 35 sunnan við hann. Bæjarhóllinn er í túni en túnið norðaustan bæjarhólsins er ekki lengur í rækt. Allstór tjörn er á sjávarbakkanum norðvestan við hólinn. Til suðurs eru kálgarðar og íbúðarhús Austurbæjar og Vesturbæjar. Hóllinn er um 20x25 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hann er hæstur um 3 m. Á honum er bæjartóft og ein önnur tóft. Norðaustan við hólinn eru kálgarðar og er tóft áföst öðrum kálgarðinum. Á túnakorti eru þessar minjar allar tengdar og því skráðar undir einu og sama númeri. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Bæjartóftin A er um 22x11 m að stærð og snýr ANA-VSV. Tóftin er grjóthlaðin og líklegt er að torf hafi verið notað í hleðslurnar en það sést ekki glögg. Í austurenda er hólfi I. Það er um 2x3 m að innanmáli, snýr norður-suður og er op á því til norðurs. Um 3 m norðan við það er hólfi II sem er gróin gryfja, líklega þró sem sýnd er á túnakorti. Hún er um 3x2 m að innanmáli, snýr norður-suður. Ekki sést í grjóthleðslur og er hún um 0,5 m á dýpt. Fast vestan við hólfi I er hólfi III sem er um 5,5x1,5 m að innanmáli. Nokkuð hefur hrunið inn í hólfið úr veggjum. Hólfið er opið til suðurs, ekki sést veggur á þeirri hlið. Hólfi IV er þar vestan við, er 3x3 m að innanmáli. Um 2 m langur gangur er inn í það úr inngangi í suðri. Hólfi V er norðvestan við hólfi IV, það er um 2,5x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því til suðurs. Þar vestan við er hólfi VI sem er um 1,5x3 m að innanmáli.



Bæjarhóll 001, horft til suðurs

Vesturveggur sést nánast ekki. Op er til suðurs. Dálitill veggubútur eða hleðsla er við inngang til austurs. Hún er um 1,5x0,5 m að stærð, um 0,5 m á hæð og sjást 3 umför. Ekki er ljóst hvaða tilgangi hleðslan þjónaði. Sunnan við hólfi V og VI er kantur sem liggur í boga að suðvesturhorni hólfis IV. Í honum er laust grjót og er hann um 0,5 m á hæð. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1,5 m og mest sjást 4 umför hleðslu, en hún er nokkuð gróin. Fast norðan við bæjartóft er stór tóft B sem er um 6,5x5 m að stærð, snýr austur-vestur. Hún er einföld, op er á henni til norðurs og hún virðist vera grjóthlaðin. Þakið er hrúðið ofan í hana. Mesta hæð tóftar er um 1,5 m og mest sjást 5 umför hleðslu. Um 2 m norðan við tóftina eru grjóthleðslur á svæði sem er um 2,5x1,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Um 0,5 m breitt bil er á milli hleðslubútanna sem eru hæstir um 0,5 m og virðist vera gangvegur þar á milli. Óljós grjótröð liggur frá vesturenda að norðvesturhorni tóftar B og kantur liggur til suðausturs frá austurenda. Líklega eru þessar hleðslur í tengslum við kálgarða D sem eru tveir á túnakorti en ekki sást aðgreining á milli þeirra á vettvangi heldur er þetta stór grjóthlaðinn kálgarður sem er um 26x26 m að stærð og liggur í boga meðfram norðaustanverðum bæjarhólnum. Fjaran er komin fast upp að garðinum. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m og sjást mest 2 umför hleðslu. Lítil tóft C er sambyggð kálgarðinum innanverðum um 10 m norðan við suðausturhorn hans. Hún er um 4x3 m að **Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Knararnes KE, 5; GJ: Mannlíf og mannvirki, 287; Túnakort 1919

GK-143:003 gerði kálgarður

64°00.496N 22°19.872V



Leifar af kálgarði 003, horft til vesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast suðaustan við bæ 001. Hluti hans sést enn.

Kálgarðurinn er í túni, skammt suðvestan við fjöruna. Innan kálgarðsins er nú malarplan þar sem geymslugámum hefur verið komið fyrir og syðst í kálgarðinum er Austurbær Stóra-Knararnes, hús sem byggt var árið 1929, og aðrar byggingar því tengdar.

Kálgarðurinn er um 25x20 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er grjóthlaðinn en gróinn. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást mest 3 umför hleðslu. Ekki sjást veggir á suðurhlið og aðeins sést stuttur bútur af austurvegg. Búið er að rífa þessa veggir eða þeim verið raskað vegna bygginga og annarra framkvæmda. Greina má áframhald austurvegjar á um 20

lögum kafla. Þar er grjóthlaðinn kantur en er úr lagi genginn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-143:006 Gamli Brunnur hleðsla
brunnur

64°00.498N 22°19.836V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var mannvirki, líklega brunnur með tröppum ofan í, 20-30 m austan við bæ 001. Þessi brunnur er að öllum líkindum Gamli Brunnur sem nefndur er í örnefnaskrá.

Brunnurinn var þar sem nú er gróinn og lágur sjávarkambur við klapparfjöru.

Ekki sést til greinilegra minja um brunninn og hefur sjórinn fyllt hann af mól og grjóti. Mögulega hafa þó hleðsluleifar sem sjást undir sverði í rofi á sjávarbakka tilheyrta þessu mannvirki. Aðeins sést í hluta af hleðslunni sem er um 1 m á lengd og um 0,4 m á hæð. Tvö umför sjást.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Knararnes, 3



Hleðslur í brunni 006, horft til suðvesturs

GK-143:008 *Stóra-Knarrarnesvör* renna
Innri

lending

64°00.561N 22°19.800V

"Innan til á Knarrarnesi er góð vör Stóra-Knarrarnesvör Innri," segir í örnefnaskrá. "Stóra-Knarrarnesvör er austan í Höfðanum. Dálítill klettaraní gengur fram austanmegin hennar," segir í örnefnaskrá KE. Að öllum líkindum er hér um sömu vör að ræða. Vörin er merkt á túnakort frá 1919 er um 125 m norðaustan við bæ 001. Á túnakortinu stendur að vörin sé nýleg og að vör hafi áður verið utar á Höfðanum (sjá 013).

Vörin er í lítilli vík milli klappa og er smágrýtt fjaran í henni.

Vörin er breið, um 15x30 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Líklegt er að hún hafi verið rudd en þó er það ekki skýrt. Ekkert stórgrýti er í henni og lítið er af því við hliðar hennar.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 2; Ö-Knarrarnes KE, 7; Túnakort 1919



Stóra-Knarrarnesvör 008, horft til norðausturs

GK-143:012 gata leið
64°00.565N 22°19.853V

Á túnakorti frá 1919 sést gata liggja beint frá bæ 001 til NNV meðfram gördum 046 umhverfis kálgarð og lítið túnstykki. Fast austan við garða 046 sést gatan á stuttum kafla, um 115 m NNA við bæ 001.

Gatan liggur um norðurhluta gamla heimatúnsins sem kominn er í órækt.

Þar sem gatan sést fast við garðana er hún breiðust um 0,5 m og dýpst um 0,5 m Hún sést á um 10 m löngum kafla. Samkvæmt heimildamanni, Guðbergi Ólafssyni, var farið með kúr á beit eftir þessari leið.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



Gata 012 meðfram gerði 046, horft til SSV

GK-143:016 *Traðir* hleðsla traðir

64°00.486N 22°19.878V

"Suður frá bænum lágu Traðirnar af sínum Traðarveggjum, Syðri-Traðarvegg. En Traðirnar voru allt eins nefndar Heimreið, Knarrarnes-heimreið. Allt þetta var í Framtúninu ..." segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "Sunnan og ofan við hann [Heygarð 025] er stór, áletraður steinn [038] í traðarveggnum." Samkvæmt túnakorti frá 1919 var allstórt gerði áfast austari traðarveggnum. Traðirnar lágu frá bæjarhólum 001 til suðurs á 85 m löngum kafla en þar beygðu þær til suðausturs á um 40 m löngum kafla og út fyrir túnið.

Traðirnar liggja um gamalt tún frá bæjarhól 001, á milli íbúðarhúsa Vesturbæjar og Austurbæjar sem nú standa.

Frá bæ 001 liggja traðirnar á milli kálgarða 002 og 003. Frá suðvesturhorni kálgarðs 003



Traðir 016, horft til suðurs

er 26 m löng eyða í eystri traðarveggnum en ekki sést framhald af vestri traðarvegg frá suðausturhorni kálgarðs 002. Við innanverðan eystri traðarvegg er áfast gerði en innan þess var kálgarður. Gerðið er um 24x6 m að stærð og snýr norður-suður. Það er grjóthlaðið en gróið og grasi vaxið. Gerðið er breiðast um miðbikið en mjókkar til beggja enda. Fyrir norðurenda gerðisins eru veggjarhleðslur lágar og ógreinilegar en annarsstaðar eru þær stæðilegar, um 1 m á hæð og sjást 4 umför hleðslu. Frá suðausturhorni kálgarðs er um 5 m langur veggjarbútur til suðurs, framhald af eystri traðarveggnum. Þar beygir hann til suðausturs og fer undir malarveg sem liggur að Vesturbæ Stærra-Knararness. Hann sést í vegkantinum allt þar til komið er út fyrir túnið, eða á um 40 m löngum kafla. Áletraði steinninn 016 sem um getur í örnefnaskrá er þar sem eystri traðarveggurinn heldur áfram til suðurs frá suðausturhorni kálgarðsins.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Knararnes, 3; Ö-Knararnes KE, 6; Túnakort 1919; Árni Óla: Strönd og Vogar, 224

GK-143:017 *Sjávarstígurinn* heimild um leið

"Í Norðurtúninu var flöt, nefnd Harðivöllur og um hann lá Sjávarstígurinn," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Guðbergi Ólafssyni, heimildamanni, var Sjávarstígurinn á sjávarbakkanum og lá að Stóra-Knararnessvör Innri 008. Han n er nú horfinn því sjórinn er búinn að rífa niður bakkann sem hún lá um.

Leiðin lá um flatlent tún sem nú er komið í órækt.


Ekki sést til minja um leiðina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knararnes, 3

GK-143:028 tóft uppsátur

64°00.549N 22°19.816V



Tóft A, skiparétt, horft til austurs á mynd

"Stóra-Knararnessvör [008] er austan í Höfðanum. Dálitill klettarni gengur fram austanmegin hennar. Sjávarhúsin [029] munu hafa staðið vestan vararinnar. Skiparétt var beint upp af Stóru-Knararnessvör [008]," segir í örnefnaskrá. Talsverð ummerki um skiparéttina eru um 25 m suðvestan við vör 008 og um 100 m norðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru í túnjaðri fast suðvestan við smágrýtta fjöru sem liggur niður að vörinni til norðausturs. Dálitill klettatangi er til suðausturs.


Minjar eru á svæði sem er um 13x6 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Ein tóft sést nokkuð greinilega og mögulega grunnur af annarri eða hleðsla. Tóftin A er í norðurenda svæðisins. Hún er um 6,5 x6 m að stærð og snýr VSV-ANA. Ekki er veggur til ANA og má ætla að hann þar hafi ekki verið veggur upprunalega. Sjávarrof hefur rífið megnið af norðurhelmingi tóftarinnar en einnig er mögulegt að hún hafi verið rifin að hluta. Fast norðan við tóftina er bátshræ. Mesta hleðsluhæð er 1 m og sjást 4 umför af hleðslu sjást í innanverðri tóftinni. Fast sunnan við hana er gróinn kantur B sem liggur í boga frá norðri til suðurs. Hann er um 6 m langur og 3 m breiður. Mesta hæð er 0,2 m. Óvíst er hvaða mannvirki hefur verið hér en það hefur án efa tengst bátaúngerð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Knararnes KE, 7

GK-143:046 gerði túngarður

64°00.563N 22°19.858V



Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður og túnstycki afmarkað með gördum um 120 m NNV við Austurbæinn 001. Þessar minjar sjást enn.

Minjarnar eru nyrst í túninu sem nú er komið í órákt. Þær eru fast austan við fjöru og hefur sjóvarnargarður verið hlaðinn vestan við kálgarðinn.

Grjótgarður liggur yfir Höfðann sem tekur við af túninu til norðurs. Gerðin eru áföst honum og er þetta allt skráð saman. Minjarnar ná yfir svæði sem er um 65x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Garður A sem liggur þvert yfir tangann er hruninn og er sumstaðar allt að 1,5 m á breidd, hæstur um 0,5 m. Garðurinn er um 65 m langur og snýr norðvestur-suðaustur.

Frá u.þ.b. miðjum garði A liggur garður B til suðvesturs, um 20 m langur. Tún og kálgarður eru norðvestan við garðinn en suðaustan við hann er heimatúnið. Við suðvesturenda garðsins beygir hann til vesturs og er þar um 4 m langur. Á miðjum garði B liggur garðlag C til norðvesturs, er um 8 m langur. Í suðvesturenda svæðisins var kálgarður sem er um 7x8 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Norðan við hann var tún innan gerðis sem er um 32x9 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Aðrar hleðslur en þær sem þegar hafa verið nefndar eru horfnar í sjó en landbrot virðist vera nokkuð á þessum stað. Mesta hleðsluhæð á gördum B og C er um 1 m og sjást mest 4 umför hleðslu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



Gerði 046, horft til norðausturs

3. Svæðisskipt umfjöllun

Fyrirhugaðar sjóvarnir verða á þremur svæðum. Í þessum kafla verður fjallað sérstaklega um hvert þeirra og tekið fram hvaða minjar eru á hverju svæði. Til hægðarauka fær hvert mannvirki bókstaf í umfjöllun hér á eftir.

Svæði 1: Sjóvarnir við Vogatjörn og Stóru Vogaskóla í Vogum

Á svæðinu eru ráðgerðir tveir sjóvarnargarðar, annar við Stóru-Vogaskóla (garður A) og hinn við eiði við Vogatjörn (garður B).

Innan 50 m helgunarsvæðis við garðana tvo reyndust vera 20 fornleifar.

Minjar á helgunarsvæði sjóvarnargarðs A við Stóru-Vogaskóla eru 11 talsins en af þeim eru sex fornleifar horfnar. Sjá töflu 1.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
GK-123:001	Stóru-Vogar	bæjarhóll	bústaður	sést til	
GK-123:002	Mariu kirkia	heimild	útkirkja	ekki sést til fornleifar	vegna landbrots
GK-123:003		tóft	útihús	hleðslur signar	
GK-123:004		heimild		ekki sést til fornleifar	vegna framkvæmda
GK-123:052	Stóru-Vogastígur	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	vegna rasks
GK-123:053	Stóru-Vogavör	heimild	lending	ekki sést til fornleifar	vegna landbrots
GK-123:059		mannabein	legstaður	ekki sést til fornleifar	vegna landbrots
GK-123:101		garðlag	kálgarður	hleðslur standa grónar	
GK-123:106		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	vegna niðurrifs
GK-123:158		þúst	óþekkt	sést til	
GK-123:159		hleðsla	túngarður/ varnargarður	hleðslur útflattar	

Tafla 1.

Minjar á helgunarsvæði sjóvarnargarðs B við eiði við Vogatjörn eru nýu talsins en af þeim eru sex fornleifar horfnar. Sérstaka athygli vakti að ein af fornleifunum sex sást enn þegar aðalskráning var gerð árið 2007 og hefur því verið eyðilögð á þeim sex árum sem síðan eru liðin. Sjá töflu 2.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
GK-123:006	Stóru-Vogasjóhús	tóft	fjánhús/ hjallur	ekki sést til fornleifar (eftir 2007)	vegna rasks
GK-123:007		heimild		ekki sést til fornleifar	vegna niðurrifs
GK-123:008	Hábæjarvör	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna niðurrifs
GK-123:017		heimild	lending	ekki sést til fornleifar	vegna landbrots
GK-123:021	Fúla	heimild	lending	ekki sést til fornleifar	vegna bygginga
GK-123:054	Stóru-Voganaust	mannvirki	naust	sést til	
GK-123:055	Stóru-Vogasjóhús	tóft	sjóbúð	hleðslur signar	
GK-123:160		hleðsla	óþekkt	hleðslur signar	
GK-127:002	Tjarnarkotsvör	heimild	lending	ekki sést til fornleifar	vegna landbrots

Tafla 2.

Á svæði 1 eru alls 18 fornleifar sem eru á framkvæmdasvæði, innan við 20 m frá miðlínu sjóvarnargarða A og B, og teljast þær allar vera í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Sjá töflu 3. Hinar fornleifarnar tvær sem skráðar voru eru utan skilgreinds framkvæmdasvæðis en innan áhrifasvæðis framkvæmda og teljast því í hættu.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
GK-123:001	Stóru-Vogar	bæjarhóll	bústaður	sést til	
GK-123:002	Mariu kirkia	heimild	útkirkja	ekki sést til fornleifar	vegna landbrots
GK-123:003		tóft	útihús	hleðslur signar	
GK-123:006	Stóru-Vogasjóhús	tóft	fjánhús/hjallur	ekki sést til fornleifar	vegna rasks
GK-123:007		heimild		ekki sést til fornleifar	vegna niðurrifs
GK-123:008		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna niðurrifs
GK-123:017	Hábæjarvör	heimild	lending	ekki sést til fornleifar	vegna landbrots
GK-123:021	Fúla	heimild	lending	ekki sést til fornleifar	vegna bygginga
GK-123:052	Stóru-Vogastígur	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	vegna rasks
GK-123:053	Stóru-Vogavör	heimild	lending	ekki sést til fornleifar	vegna landbrots
GK-123:054	Stóru-Voganaust	mannvirki	naust	sést til	
GK-123:055	Stóru-Vogasjóhús	tóft	sjóbúð	hleðslur signar	
GK-123:059		mannabein	legstaður	ekki sést til fornleifar	vegna landbrots
GK-123:106		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	vegna niðurrifs
GK-123:158		þúst	óþekkt	sést til	
			túngarður/ varnargarður		
GK-123:159		hleðsla		hleðslur útflattar	
GK-123:160		hleðsla	óþekkt	hleðslur signar	
GK-127:002	Tjarnarkotsvör	heimild	lending	ekki sést til fornleifar	vegna landbrots

Tafla 3.

Niðurstaða: Á svæði 1 eru skráðar 20 fornleifar. Þar af eru 12 fornleifar sem ekki sést til. Á svæði 1 eru 18 minjastaðir sem taldir eru í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Af þeim sjást aðeins ummerki um 5 fornleifar.

Svæði 2: Sjóvarnir við Narfakot

Á svæðinu er ráðgerður einn sjóvarnargarður (garður C). Einnig þarf að leggja vegarlóða (vegur D) að garðinum frá afleggjara að Narfakoti.

Minjar á helgunarsvæði sjóvarnargarðs C við Narfakot eru 17 talsins en af þeim sást ekki til þriggja fornleifa. Sjá töflu 4:

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
GK-137:012	Hlöðunesnaust	tóftir	útihús	hleðslur signar	vegna landbrots
GK-137:013		hleðsla	óþekkt	hleðslur signar	
GK-137:014		heimild	hjallur	ekki sést til fornleifar	
GK-137:022	Miðhús	bæjarstæði	býli	hleðslur signar	vegna landbrots
GK-137:032	Sundvarða	varða		ekki sést til fornleifar	
GK-137:034	Hlöðunesvör	renna	lending	sést til	
GK-137:054		hleðsla	óþekkt	sést til	
GK-137:068		tóft+			
GK-138:003		garðlag		hleðslur signar	
GK-138:006		hleðsla	útihús	hleðslur signar	
GK-138:008		tóft	útihús	hleðslur signar	
GK-138:008		garðlag	túngarður	hleðslur signar	
GK-138:009	Narfakotsvör	hleðsla	lending	hleðslur signar	
GK-138:010	Narfakotsnaust	hleðsla	naust	hleðslur útflattar	
GK-138:011		gryfja		sést til	
GK-138:012		gerði	kálgarður	hleðslur signar	
GK-138:013		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
GK-138:014	Sjávargarður	hleðsla	varnargarður	hleðslur signar	

Tafla 4.

Enn er talsverð óvissa um staðsetningu vegarlóða D að garði C en samkvæmt Pétri Sveinbjörnssyni, tengilið hjá Vegagerðinni, verður slóðinn lagður af heimreið Narfakots að garðinum. Sökum þessarar óvissu var tekið út rúmt svæði á milli heimreiðar að Narfakoti frá hliði inn á lóð býlisins og garðs C.

Minjar á áætluðu helgunarsvæði vegarslóða í Narfakoti að garði C eru sjö talsins en sýmilegar minjar voru aðeins á þremur stöðum. Sjá töflu 5. Ekki sést heldur bæjarhóll Narfakots GK-138:001 en óvíst er að hann hafi náð að myndast og því ekki hægt að segja að hann sé horfinn. Margar minjar tileyra Halldórsstöðum GK-137:021 en af þeim eru það kálgarður (GK-137:021K) og heimild um brunn (GK-137:021J) sem eru innan helgunarsvæðisins.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
GK-138:001	Narfakot	bæjarhóll	bústaður	ekki sést til fornleifar	vegna niðurrifs
GK-138:002		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	
GK-138:004		þúst	útihús	hleðslur signar	
GK-138:005		heimild		ekki sést til fornleifar	
GK-137:021	Halldórsstaðir	bæjarstæði	býli	sést til	vegna ræktunar
GK-137:023	Bjarghóll	bæjarstæði	býli	ekki sést til fornleifar	
GK-138:007	Narfakots-brunnur	brunnur	brunnur	hleðslur signar	

Tafla 5.

Þær fornleifar sem eru innan áætlaðs helgunarsvæðis vegarslóða D í Narfakoti að garði C teljast í hættu þangað til endanleg staðsetning hans verður ákveðin og hægt verður að endurgera hættumatið.

Á svæði 2 eru sex fornleifar sem eru á framkvæmdasvæði, innan við 20 m frá miðlínu sjóvarnargarðs C, og teljast þær allar vera í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Sjá töflu 6.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
GK-137:014	Miðhús	heimild	hjallur	ekki sést til fornleifar	vegna landbrots
GK-137:022		bæjarstæði	býli	hleðslur signar	
GK-138:006		tóft	útihús	hleðslur signar	
GK-138:008		garðlag	túngarður	hleðslur signar	
GK-138:011		gryfja		sést til	
GK-138:014	Sjávargarður	hleðsla	varnargarður	hleðslur signar	

Tafla 6.

Niðurstaða: Á svæði 2 eru skráðar 24 fornleifar. Þar af eru sex fornleifar sem ekki sést til. Á svæði 2 eru sex fornleifar sem taldar eru í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Af þeim eru ein fornleif sem ekki sést til.

Svæði 3: Sjóvarnir við Stóra-Knarrarnes

Á svæðinu er ráðgerður einn sjóvarnargarður (garður E). Að honum þarf að gera stuttan vegbút (vegur F) sem er innan helgunarsvæðis garðsins.

Minjar á helgunarsvæði sjóvarnargarðs E og vegar F við Stóra-Knarrarnes eru níu talsins en af þeim sást ekki til einnar fornleifar. Sjá í töflu 7.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
GK-143:001	Stóra-Knarrarnes	bæjarhóll	bústaður	sést til	vegna landbrots
GK-143:003		gerði	kálgarður	hleðslur signar	
GK-143:006	Gamli Brunnur	hleðsla	brunnur	sést til	
GK-143:008	Innri	renna	lending	sést til	
GK-143:012		gata	leið	sést til	
GK-143:016	Traðir	hleðsla	traðir	hleðslur signar	
GK-143:017	Sjávarstígurinn	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	
GK-143:028		tóft	uppsátur	hleðslur standa grónar	
GK-143:046		gerði	túngarður	hleðslur signar	

Tafla 7.

Á svæði 3 eru fimm fornleifar sem eru á framkvæmdasvæði, innan við 20 m frá miðlínu sjóvarnargarðs E, og teljast þær allar vera í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Sjá töflu 8.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
GK-143:001	Stóra-Knarrarnes	bæjarhóll	bústaður	sést til	vegna landbrots
GK-143:003		gerði	kálgarður	hleðslur signar	
GK-143:006	Gamli Brunnur	hleðsla	brunnur	sést til	
GK-143:017	Sjávarstígurinn	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	
GK-143:028		tóft	uppsátur	hleðslur standa grónar	

Tafla 8.

Niðurstaða: Á svæði 3 eru skráðar níu fornleifar. Þar af er ein fornleif sem ekki sést til. Á svæði 3 eru fimm fornleifar sem taldar eru í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. af þeim er ein fornleif sem ekki sést til.

4. Niðurstöður

Svæðið sem fyrirhugaðar sjóvarnir í Vogum og á Vatnsleysuströnd koma til með að hafa áhrif á er ekki ýkja stórt. Þó eru margar fornleifar skráðar á svæðinu, eða 53 fornleifar, vegna þess hversu þétt byggðin var við ströndina. Flestar af þeim fornleifum sem eru skráðar á svæðinu voru áður þekktar og er getið í heimildum.

Fornleifarnar á svæðinu eru fjölbreyttar og endurspegla þá þéttu byggð sem var við ströndina og áherslu á sjósókn á svæðinu. Bæjarstæði þriggja lögbýla eru á svæðinu (Stóru-Voga 123:001, Naustakots 138:001 og Stóra-Knarrarness 143:001). Bæjarstæði Naustakots er innan áhrifasvæðis vegar D á svæði 2 en að öllum líkindum verður hægt að komast hjá því að rask verði á því. Hins vegar eru bæjarhólar Stóru-Voga og Stóra-Knarrarness að hluta eða öllu leyti innan framkvæmdasvæðis og því í stórhættu. Bæjarhólar eru sérstaklega mikilvægur minjaflokkur. Í þeim leynast upplýsingar um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Á bæjarhól Stóru-Voga er grjóthlaðinn grunnur síðasta bæjarins sem þar stóð en í Stóra-Knarrarnesi er stór bæjartóft úr torfi og grjóti, auk kálgarða og fleiri tófta. Þar er einstök minjaheild sem mikilvægt er að varðveita. Einnig eru á svæðinu þrjú býli (Halldórsstaðir 137:021, Miðhús 137:022 og Bjarghóll 137:023). Bjarghóll og hluti af minjum þeim sem skráðar eru með Halldórsstöðum eru innan helgunarsvæðis vegar D á svæði 2. Líklegt er að hægt verði að komast hjá raski á þessum minjum. Miðhús eru að hluta innan framkvæmdasvæðis við garð C á svæði 2 og er því í stórhættu. Alls eru 12 fornleifar á svæðinu sem vitað er að tengjast sjósókn (hjallar, lendingar, naust, sjóbúð, uppsátur). Aðrar minjar á svæðinu tengjast búsetu og búskap en einnig er skráð ein útkirkja (123:002) og legstaður á sama stað (123:059) þar sem mannabein hafa fundist. Þær minjar eru innan framkvæmdasvæðis við garð A á svæði 1 og því í stórhættu. Þetta eru fornar minjar og mikilvægar.

Hér fyrir neðan er listi eftir svæðum yfir fornleifar sem teljast í einhverri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við sjóvarnir í Vogum og á Vatnsleysuströnd og minjarnar flokkaðar eftir því hvort þær eru inni á framkvæmdasvæði (stórhætta) eða áhrifasvæði (hætta).

Hættumat: stórhætta

Svæði 1:

Samtala	Tegund minja
GK-123:001	bæjarhóll Stóru-Voga
GK-123:002	heimild um útkirkju
GK-123:003	tóft af útihúsi
GK-123:006	tóft af útihúsi/hjalli (horfin frá því aðalskráning var gerð 2007)
GK-123:007	heimild um þró
GK-123:008	heimild um útihús
GK-123:017	heimild um lendingu
GK-123:021	heimild um lendingu
GK-123:052	heimild um leið
GK-123:053	heimild um lendingu
GK-123:054	mannvirki, leifar af nausti
GK-123:055	tóft af sjóbúð
GK-123:059	mannabein, legstaður
GK-123:106	heimild um kálgarð
GK-123:158	þúst
GK-123:159	hleðsla, leifar af túngarði og/eða varnargarði
GK-123:160	hleðsla, óþekkt
GK-127:002	heimild um lendingu

Svæði 2:

Samtala	Tegund minja
GK-137:014	heimild um hjall
GK-137:022	bæjarstæði Miðhúsa
GK-138:006	tóft af úthúsi
GK-138:008	garðlag, túngarður
GK-138:011	gryfja, þró
GK-138:014	hleðsla, varnargarður

Svæði 3:

Samtala	Tegund minja
GK-143:001	bæjarhóll Stóra-Knarrarness
GK-143:003	gerði, kálgarður
GK-143:006	hleðsla, brunnur
GK-143:017	heimild um leið
GK-143:028	tóft af uppsátri

Hættumat: hætta

Svæði 1:

Samtala	Tegund minja
GK-123:004	heimild um þró
GK-123:101	garðlag, kálgarður

Svæði 2:

Samtala	Tegund minja
GK-137:012	tóftir af útihúsum
GK-137:013	hleðsla, óþekkt
GK-137:021	bæjarstæði Halldórsstaða
GK-137:023	bæjarstæði Bjarghóls
GK-137:032	varða, siglingamerki
GK-137:034	renna, lending
GK-137:054	hleðsla, óþekkt
GK-137:068	tóft+garðlag, óþekkt
GK-138:001	bæjarhóll Narfakots
GK-138:002	heimild um útihús
GK-138:003	hleðsla, útihús
GK-138:004	þúst, útihús og kálgarður
GK-138:005	heimild um þró
GK-138:007	brunnur
GK-138:009	hleðsla, lending
GK-138:010	hleðsla, naust
GK-138:012	gerði, kálgarður
GK-138:013	heimild um leið

Svæði 3:

Samtala	Tegund minja
GK-143:008	renna, lending
GK-143:012	gata, leið
GK-143:016	hleðsla, traðir
GK-143:046	gerði, túngarður og kálgarður

Hér hefur verið fjallað um þá minjastaði sem eru í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við sjóvarnir í Vogum og á Vatnsleysuströnd. Ljóst er að margar merkar minjar lenda í hættu vegna framkvæmdanna en einnig er ljóst að umræddar framkvæmdir eru gerðar í þeim tilgangi að verja land (og minjar) fyrir mögulegum skemmdum vegna landbrots og vatnsaga. Til þessa þarf væntanlega að taka tillit og meta kosti og galla framkvæmdarinnar fyrir fornleifar og landgæði á svæðinu. Það er Minjastofnunar Íslands að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar megi víkja. Minjastofnun mun einnig setja fram endanleg skilyrði

um mótvægisáðgerðir þar sem fornleifar reynast í hættu vegna framkvæmdanna. Í lokin skal minnt á það sem segir í 24. grein laga um menningarminjar:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirætlum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.

Heimildaskrá

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1853-1976. Kaupmannahöfn og Reykjavík.

GJ: Mannlíf og mannvirki: Guðmundur B. Jónsson. 1987. *Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi*. Útgefið af höfundi, Vogum.

Strönd og Vogar: Árni Óla. 1961. *Strönd og Vogar: Úr sögu einnar sveitar í landnámi Ingólfs Arnarsonar*. Menningarsjóður, Reykjavík.

Óútgefnar heimildir

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf, afhentar frá Sveitarfélaginu Vogum.

Túnakort: Þjóðskjalasafn Íslands. Uppdrættir af tünnum 1919. Vogar, Hlöðunes, Narfakot og Stóra-Knarrarnes.

Ö-Hlöðunes: Örnefnaskrá Hlöðuness. Skrásetjara ekki getið. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Knararnes KE: Örnefnaskrá Knararness. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Knarrarnes: Örnefnaskrá Knarrarness. Skrásetjara ekki getið. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Vogar: Örnefnaskrá Voga. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki 1: Hnitaskrá ISN93


Samtala	Austur	Norður			
123001	334201.51	390971.39	137021J	336008.19	393880.42
123002	334190.27	390972.78	137021K	335973.28	393863.45
123003	334204.08	390975.34	137022A	335876.04	393992.25
123004	334225.38	390997.23	137022B	335844.09	393993.63
123006	334091.85	391037.47	137022C	335853.75	394025.78
123007	334080.21	391081.45	137023	335991.23	393916.12
123008	334076.86	391095.26	137032	336029.69	394000.93
123017	334055.16	391096.05	137034	335834.23	394057.73
123021	334040.77	391129.38	137054	336052.57	393988.11
123052	334112.95	391029.18	137068	336038.17	393959.31
123053	334098.56	391015.38	138001	335924.36	393935.64
123054	334097.18	391028.79	138002	335926.14	393942.15
123055	334088.3	391027.8	138003	335939.16	393947.67
123059	334190.07	390972.78	138004	335919.04	393937.81
123101A	334231.69	390985.2	138005	335917.26	393928.94
123101B	334210.78	390975.54	138006	335964.6	393974.7
123101C	334210.59	390963.7	138007	335964.99	393934.26
123101D	334210.98	390955.42	138008	335833.44	393896.79
123101E	334209.4	390954.43	138009	335881.96	394033.67
123106	334193.43	390987.57	138010	335888.27	393998.96
123158	334165.81	391005.71	138011	335968.35	393982.58
123159A	334076.07	391017.75	138012	335920.22	393955.76
123159B	334106.64	391023.07	138013	335886.3	393980.42
123159C	334116.5	391023.07	138014A	335978.01	393988.3
123159D	334119.66	391021.1	138014B	335906.02	394005.27
123160	334052.01	391143.78	143001	337109.35	393745.11
127002	334062.26	391103.94	143003	337111.92	393732.49
137012A	335794.19	394057.34	143006	337141.7	393736.04
137012B	335799.51	394047.28	143008	337177	393850.83
137012C	335810.95	394032.88	143012	337133.81	393859.71
137012D	335826.34	394038.4	143016A	337.106	393714.74
137013	335828.11	394039.39	143017	337157.87	393824.6
137014	335847.24	394029.13	143028	337162.8	393828.35
			143046	337130.06	393857.54

Viðauki 2: Kort



Kort 1: Svæði 1

Kort 2: Svæði 2

Kort 3: Svæði 3



Kort 1: Svæði 1



Skýringar


- Fornleifar
- Garðlög

Kort 2: Svæði 2




Skýringar

- Fornleifar
- Garðlög



Kort 3: Svæði 3



Skýringar

- Fornleifar
- Garðlög

